



Vinna er lasta vörn

Vinna og skólaganga barna og unglunga á 20. öld

Anna Dórothea Tryggvadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vinna er lasta vörn

Vinna og skólaganga barna og unglunga á 20. öld

Anna Dórothea Tryggvadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðsögukenari: Ólöf Garðarsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.prófs í
grunnskólakennarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt
nema með leyfi höfundar.

© Anna Dórothea Tryggvadóttir 2012

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík 2012

Ágrip (útdráttur)

Í ritgerð þessari er umfjöllunarefnið vinna og skólaganga íslenskra barna og unglunga á 20. öld. Fjallað er um hvernig skólaárið lengdist smám saman þegar leið á öldina og hvernig það og hertar reglur um vinnu barna og unglunga hafði áhrif á vinnuna. Jákvætt viðhorf til vinnu barna hefur lengi tíðkast hér á landi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Nútímavæðing Íslands var mun seinna á ferðinni en almennt tíðkaðist í hinum vestræna heimi og þéttbýli myndaðist hér seint. Skólaárið var stutt og sá siður að senda þéttbýlisbörn í sveit á sumrin var við lýði hér á landi langt fram eftir síðustu öld. Segja má að lengi vel hafi skólaárið tekið mið af sauðfjárbúskap og þörfum bænda fyrir vinnuafli barna á sumrin. Nokkrir fræðimenn hafa skrifað um þetta efni og er eitthvað af niðurstöðum þeirra að finna hér. Rætt er við fjóra einstaklinga sem voru í sveit á sumrin og reynsla þeirra kynnt. Eflaust súpa margir hveljur yfir því mikla vinnuálagi sem lagt var á sum börn og unglunga fyrir örfáum áratugum síðan, en svo virðist sem tíðarandinn hafi verið á þann hátt að þetta þótti ekkert tiltökumál. Þrjú af fjórum viðmælendum mínum eru líka þeirrar skoðunar að ekkert hafi verið athugavert við það, þó oft hafi vinnudagurinn verið langur í sveitinni á sumrin.

Efnisyfirlit

Ágrip (útdráttur).....	3
Efnisyfirlit.....	4
Töfluskrá.....	6
Formáli	7
1 Inngangur	8
2 Þjóðfélagsbreytingar á 20. öld.....	10
2.1 Vaxandi þéttbýli.....	10
2.2 Í sveit með krakkaskarann	11
2.3 Skoðanir skólamanna	12
2.4 Sumarkrakkar í sveit	15
3 Vinna barna	16
3.1 Lög og reglur	18
3.2 Vinnuskólar	21
3.3 Hver gerir hvað?	23
4 Skólagangan og vinnan	26
4.1 Skólaárið lengist.....	26
4.2 Grunnskóli verður til.....	28
4.3 Lengd skólaársins og vinnan	29
5 Aðferðafræðin, munnlega sagan og viðtölin	30
5.1 Munnleg saga	31
5.2 Samantekt á viðtali við Kára	32
5.3 Samantekt á viðtali við Sif	34
5.4 Samantekt á viðtali við Evu.....	35
5.5 Samantekt á viðtali við Atla	36
5.6 Hvað er líkt og hvað er ólíkt?.....	38
Að lokum	40
Heimildir	41
6 Viðauki	43
6.1 Spurningar þjóðháttasafns	43

6.2	Viðtal við Kára.....	48
6.3	Viðtal við Sif	52
6.4	Viðtal við Evu	55
6.5	Viðtal við Atla.....	59

Töfluskrá

Tafla 1 – Sumarvinna 12-14 ára barna í Reykjavík sumarið 1962 (%)	25
Tafla 2 – Skólaskyld námsár á Íslandi samkvæmt löggjöf á 20. öld	29

Formáli

Sem nemi á samfélagsgreinakjörsviði hef ég örlítið kynnst viðfangsefnum félagssögu og til að gera langa sögu stutta hafa þau heillað mig, ekki síst umfjöllunarefni 20. aldar. Því lá beinast við að skrifa lokaverkefni á því sviði og það ég Ólöfu Garðarsdóttur, prófessor í félagssögu, að vera leiðbeinanda minn. Það var auðsótt mál og vil ég hér með þakka henni fyrir góðar ábendingar og leiðsögn.

Það verður að viðurkennast að stundum var ég komin á fremsta hlunn með að gefa þetta verkefni upp á bátinn og leyfa frestunaráráttu minni að taka völdin. Sem betur fer lét ég ekki undan og þakka eiginmanni mínum og börnum fyrir að hvetja mig til dáða. Að öðrum fjölskyldumeðlimum ólöstuðum tel ég ástæðu til að þakka eiginmanni mínum, Gísla Björnssyni og frumburðinum, Tryggva Dór Gíslasyni, sérstaklega fyrir yfirlestur og ábendingar á ýmsum stigum verksins. Síðast enn ekki síst vil ég þakka viðmælendum mínum fjórum fyrir að gefa sér tíma til að setjast niður með mér og segja frá reynslu sinni af sumardvöl í sveit í æsku.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri og án aðstoðar utan þeirrar sem tilgreind er og þökkuð í þessum formála. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 4. maí 2012

1 Inngangur

Tímarnir breytast og mennirnir með. Þessi málsháttur kemur upp í hugann þegar vinna barna og unglunga og viðhorf til hennar er annars vegar. Það yrði eflaust uppi fótur og fit ef börn á Íslandi í dag væru látin, eða leyft að vinna, eins mikið og mörgum jafnöldrum þeirra áður fyrr. Það er ekki svo ýkja langt síðan það þótti eðlilegt og sjálfsagt að börn ynnu langan vinnudag. Sá siður að senda börn í sveit á sumrin var býsna algengur lengi vel á síðustu öld og var vinnudagur margra þessara barna mjög langur.

Gildi vinnunnar hefur lengi verið í hávegum haft í íslensku samfélagi og iðjuleysi talið uppspretta alls ills. Þetta viðhorf gildi líka gagnvart börnum. Í gamla sveitasamfélaginu var yfirleitt hægt að finna börnum eitthvað að sýsla og vinnuframlag þeirra var oft mikið og ekki síður mikilvægt en vinna annarra.

Þegar þéttbýli tók að myndast að einhverju ráði stóðu menn frammi fyrir áður óþekktu vandamáli. Börnin gengu um iðjulaus, sú litla skólaganga sem þeim stóð til boða náði ekki að fylla verkefni dagsins og talsverðan tíma þurfti að drepa. Að sjálfsögðu hjálpuðu mörg börn til á heimilum sínum og voru því ekki alveg iðjulaus alla daga. Margir málsmetandi menn hófu máls á því að svona gæti þetta ekki gengið, blessuð börnin stefndu beina leið til glötunar með þessu iðjuleysi. Titill þessarar ritgerðar, „Vinna er lasta vörn“ vísar til þessa sjónarmiðs sem var við lýði lungann úr 20. öldinni.

Frá örófi alda hefur vinna barna skipt máli. Má þá einu gilda hvort um er að ræða vinnu sem innt er af hendi innan veggja heimilisins eða utan, launaða eða ólaunaða. Hér er ætlunin að rýna örlítið í vinnu barna á 20. öld, ekki síst síðari hluta aldarinnar. Sjónum verður talsvert beint að þeim sið að senda börn í sveit á sumrin og fjallað um sumarvinnu barna í sveit og þéttbýli. Einnig koma við sögu lög og reglur sem nú eru í gildi. Ástæðan er fyrst og fremst sú að reyna að átta sig á hversu miklar breytingar hafa orðið. Lesendur gera sér e.t.v. betur grein fyrir hvers konar vinnuálag var lagt á börn og unglunga fyrir örfáum áratugum síðan, þegar þeir sjá svart á hvítu, hvers konar vinnu má bjóða börnum og unglingum í dag. Einhverjir væru án efa tilbúnir að kalla vinnu barna og unglunga í dag barnaleik miðað við hvað jafnaldrar þeirra fengust við áður fyrr.

Skólagangan var, eins og í dag, stór hluti af lífi barna þegar leið á 20. öldina. Óhjákvæmilega tengjast vinna og skóli sterkum böndum í lífi barna og unglunga og því kemur umfjöllun um skólagöngu talsvert við sögu.

Sá siður að senda börn í sveit hefur tíðkast á Íslandi frá því þéttbýli byrjaði að myndast að einhverju ráði, og virðist hafa tíðkast fram á áttunda ártug 20. aldar. Þá er verið að vísa til þess að börn voru send í sveit beinlínis í þeim tilgangi að útvega þeim vinnu í sumarfríinu svo þau væru ekki iðjulaus. Ekki var talið verra og koma þeim í heilsusamlegt umhverfi sveitarinnar, sem væri þeim hollara en lífið á götunni í þéttbýlinu.

Eins og við má búast hefur fólk misjafnar sögur að segja af þeirri reynslu að vera sent að heiman á unga aldri, oft til fólks sem það þekkti lítið eða ekki neitt. Foreldrum nú til dags myndi eflaust ekki detta í hug að senda börn sín í sveit til vandalausra, nema hafa áður kynnt sér aðstæður vel og vandlega. En þetta gerðu foreldrar margra barna mest alla 20. öldina. Þetta þótti ekki tiltökumál, tíðarandinn leyfði þetta, enda var hópurinn stór sem fór í sveit á sumrin.

Spurningin sem ég velti er upp er: Hvaða áhrif hafði breytt samfélag á vinnu og skólagöngu barna og unglunga á 20. öld?

Tilgáta mín er sú að með lengingu skólaársins og breyttum lögum um vinnu barna og unglunga hafi dregið verulega úr vinnu þeirra, bæði í þéttbýli og í sveit. Breyttir búskaparhættir, að mestu vegna aukinnar tæknivæðingar í landbúnaði, minnkuðu þörfina fyrir snúningakrakka í sveit. Það má líka gera ráð fyrir því að viðhorf fólks til barna hafi breyst og þarfir barna í upphafi 21. aldar séu metnar út frá öðrum mælikvörðum en áður tíðkaðist. Jafnvel má orða það svo að börn fái að vera börn lengur nú en áður.

Uppbygging ritgerðarinnar er á þann veg að fyrst er fjallað um þjóðfélagsbreytingar á 20. öld. með tengingu við umfjöllunarefnið, þ.e. vinnu og skólagöngu barna. Margir höfðu skoðanir á hvað börnum og unglingum væri fyrir bestu og er dálítið fjallað um skoðanir þessa fólks. Ég ræddi líka við fjóra einstaklinga sem allir voru í sveit á sumrin. Viðmælendur mínir eru tvær konur, fæddar 1962 og 1963 og tveir karlar, fæddir 1955 og 1965. Í lokin er samantekt á viðtölunum við þau, auk þess sem þau fylgja óstytt í viðauka. Fjórmenningarnir hafa hvert sína söguna að segja og er forvitnilegt að bera reynslu þeirra saman. Þau voru í sveit á sjöunda og áttunda ártug síðustu aldar. Til hliðsjónar hafði ég

spurningalista sem Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands sendi út árið 2007 (Þjóðminjasafn Íslands-Þjóðháttasafn, nóvember 2007).

2 Þjóðfélagsbreytingar á 20. öld

Í upphafi 20. aldar var Ísland eitt strjálbýlasta land á Vesturlöndum (Ólöf Garðarsdóttir, 2009, bls.176). Mikill meirihluti landsmanna bjó í hinum dreifðu byggðum landsins. Samkvæmt manntali 1901 voru aðeins þrjú þéttbýlisstaðir sem náðu því að hafa fleiri en 1000 íbúa og Reykjavík með sína 6600 íbúa bar höfuð og herðar yfir aðra staði hvað íbúafjölda áhræði. Segja má að íslensk þéttbýlis- og byggðapróun einkennist af tvennu. Í fyrsta lagi að þéttbýlisstaðir eru margir og smáir og í öðru lagi að mjög hátt hlutfall þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu. Þessari öru þéttbýlismyndum hefur fylgt mikil byggðaröskun. Frá því um aldamótin 1900, þegar byggðin dreifðist tiltölulega jafnt á alla landshluta, hefur þróunin orðið sú að sífellt stærra hlutfall þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1993, bls. 108).

2.1 Vaxandi þéttbýli

Það er óhætt að fullyrða að íslenskt þjóðfélag tók miklum breytingum á 20. öld. Hið dæmigerða sveitasamfélag leið undir lok og þéttbýlinu óx fiskur um hrygg. Fólki fjölgaði líka hratt. Fyrstu fjóra áratugi aldarinnar fjölgaði Íslendingum um 44 þúsund. Fjölgunin kom fyrst og fremst fram í bæjum og mest í þeim sem fjölmennastir voru. Sem dæmi má nefna að íbúum Reykjavíkur fjölgaði um 33 þúsund og þar bjó árið 1940 fast að þriðjungi landsmanna. Akureyri var næst fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn. Þéttbýlisstaðir héldu áfram að stækka. Þessa hröðu stækkun Reykjavíkur má ekki síst rekja til hlutverks hennar sem höfuðborgar með flestar opinberar stofnanir. Reykjavík var líka miðstöð ýmissa samgangna og þjónustu, auk þess að vera mesti togaraútgerðar- og saltfiskverkunarstaður landsins (Helgi Skúli Kjartansson, 2002, bls. 188-189).

Um miðja síðustu öld snerist flóttinn á hina alræmdu „möl“ í skipulegt undanhald. Sveitaheimilum fækkaði ekki næstu áratugina en þau urðu fámennari. Fólksfjölgunin kom öll fram í bæjum, langmest þó í nokkrum þeim stærstu. Þó hópur borgarbúa færi ört stækkandi var þeim fyrst um sinn enginn akkur í því að ala upp borgarbörn. Í þéttbýli eftirstríðsáranna bjuggu foreldrar sem voru fyrsta og önnur kynslóð brottfluttra sveitamanna. Flestir áttu vini og ættingja í sveit og það var eftirsóknarvert að koma þéttbýlisbörnum í

sveit á sumrin, sérstaklega þegar þau stálpuðust og hægt var að láta þau taka til hendinni. Því var mikilvægt, ekki bara í sveitaskólum, heldur líka í þéttbýlinu að sumarfrí skólanna næði yfir bæði sauðburð og réttir svo hægt væri að hafa fullt gagn af skólabörnum í sveitinni (Helgi Skúli Kjartansson, 2008b, bls. 16-17).

2.2 Í sveit með krakkaskarann

Hið ört vaxandi þéttbýli skapaði stundum vandamál, svo sem eins og hvað var hægt að láta börnin hafa fyrir stafni þegar þau voru ekki í skólanum. Ýmsir skólamenn höfðu skoðanir á því hvað væri ungdómnum fyrir bestu utan skólatíma. Margir voru þeirrar skoðunar að það kynni ekki góðri lukku að stýra að börnin hefðu ekkert við að vera annað en leik á götum úti. Að sumra áliti var ungdómurinn á hraðferð til glötunar stæði þeim ekkert annað til boða en mæla göturnar. Eitt af þeim úrræðum sem gripið var til var að senda börn í sveit til sumardvalar. Þennan sið má rekja allt aftur til þess tíma að þéttbýlismyndun hófst fyrir alvöru og ætla má að hann hafi staðið allt fram til ársins 1980, en þá var hann sennilega að mestu aflagður.

Árið 1892 voru ýmsir málsmetandi menn þegar farnir að lýsa áhyggjum sínum að hinum ört vaxandi götulýð sem blasti við augum ókunnugra sem komu til Reykjavíkur að sumarlagi. Í blaðinu *Reykvíkingi* birtist harðorð grein þar sem höfundur, sem kallar sig X, lýsti áhyggjum sínum. X finnur þessum krakkaskara allt til foráttu og fullyrðir að þó farið væri um Lundúnaborg um hásumardag væri ekki hægt að rekast á jafn stóran krakkahóp á götunni á jafnlitu svæði. En hvað ætli þessi óknyttalýður hafi haft fyrir stafni?

Fljúgast á, henda grjóti hvort í annað í bræði sinni, grýta glugga, æfa sig í því versta orðbragði, skammast, færa að og hrekja ferðamenn, stela hestum, þegar því verður viðkomið, kvelja smáfugla og kvikindi og yfir höfuð aðhafast einungis það sem börn eiga ekki að gjöra. Og þessi iðja er rækt svo kappsamlega, að ekki er umtalsmál að unglingar þessir hafi tíma til að borða (X (Valgarður Ó. Breiðfjörð ritstjóri), 1892).

Þessi hegðun var að mati höfundar á ábyrgð mæðranna, sem máttu ekki vera að því að siða börnin, vegna þess að þær voru svo uppteknar við kaffidrykkju og ýmiskonar hangs og létu vinnukonur um að ala upp börnin. X sá þó örlítið ljós í myrkrinu, því það munu hafa verið til heiðarlegar undantekningar. Það fyrirfundust mæður, sem tóku með manni

sínum, þátt í að afla hins daglega brauðs, eins og konur í sveit. Höfundur greinarinnar ásamt nokkrum öðrum bæjarmönnum, eins og það er orðað í greininni, sáu lausn á þessu vandamáli og leiðir til að forða þessum blessuðu bæjarbörnum frá sollinum. Lausnin: Senda þau í sveit á sumrin til að læra „hina almennu reglusemi og starfsemi, sem þar er kunn“. Svo mörg voru þau orð. Þessar hugmyndir X eru að mörgu leyti samhljóða skoðunum margra á þessu tíma, að Reykjavík væri lastabæli og ekki heppilegur staður fyrir börn að alast upp á. Þessi skoðun var við lýði lengi fram eftir 20. öldinni.

Lengi vel fóru menn mikinn í umfjöllun sinni um hina óhefluðu Reykjavíkuræsku, sem vart væri viðbjargandi og best geymd í sveitinni á sumrin til að reyna að læra að vinna. Ýmsir leituðu skýringa á þessu háttalagi Reykjavíkurbarna og hvers vegna fullorðna fólkið brygðist við eins og það gerði. Ein skýringanna var að svo skammt væri um liðið síðan meirihluti landsmanna hafi búið í sveit og ekki þurft að hafa eins miklar áhyggjur af uppeldi barna sinna og bæjarbúar. Á fjórða áratug síðustu aldar var t.d. bent á að bæjarbörnin væru í rauninni frumbyggjabörn (Eggert Þór Bernharðsson, 1998, bls. 141).

2.3 Skoðanir skólamanna

Kennarar og aðrir uppeldisfrömuðir voru á millistríðsárunum býsna uppteknir af þeim þjóðfélagsbreytingum sem fylgdu fólksflutningum úr sveit í þéttbýli. Eins og svo oft áður var umræðuefnið hinar miklu andstæður gatan og sveitin. Margir gerðu sér grein fyrir að erfitt var að bera saman uppeldisskilyrði í þéttbýli og sveitum, en flestir voru sammála um að í sveitinni væri börnum búin mun þroskavænlegri skilyrði en á götum þéttbýlisins (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 293-294). Segja má að umræðan um spillingaráhrif lífsins í þéttbýli eða „á mölinni“, eins og margir kusu að kalla hið ört vaxandi þéttbýli hafi verið rauði þráðurinn í uppeldisumræðu millistríðsáranna og jafnvel lengur.

Það er kannski ekki úr vegi að velta aðeins upp dæmum um umræðuna eins og hún birtist oft og einatt. Í hinni stórfróðlegu bók *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007* er að finna ýmsar rammagreinar þar sem vitnað er beint til ummæla fólks um hin ýmsu málefni. Ein þeirra fjallar um hversu mikið götulífið spillir. Friðrik Hjartar var á sinni tíð mikilsmetinn skólamaður. Í skólaasetningaræðu árið 1927 lýsti hann áhyggjum sínum af ungdómnum og yfirvofandi hættu sem fylgir hinu svokallaða götulífi. Hér er í örstutt tilvitnum í þessa skólaasetningarræðu úr bókinni *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*.

Götulífið spillir mest

Eða búast menn við því að nokkur skóli gjörbreyti börnunum? Eða halda menn að það séu kennararnir einir er áhrif hafa í skólanum en áhrifa frá börnunum sjálfum og heimilunum gæti alls ekki neitt? Nei, við skulum vera sanngjörn og játa að bæði heimili og skólar vilja allt hið besta börnunum til handa en einmitt götulífið spillir börnunum mest. – Þetta er hvarvetna viðurkennt. Það er ekki gert að gamni sínu að láta skólana starfa allt að 10 mánuði og láta þá taka börnin 7 ára eða jafnvel yngri. – Kaupstaðirnir hafa neyðst til að gera þetta til að hjálpa heimilunum til að halda börnunum frá götulífinu (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 294).

Til að skilja betur þessa umræðu um götulífið og uppeldiskilyrði barna á millistríðsárunum, þarf að hafa í huga hvernig skólagöngu barna í þéttbýli var háttað. Ef miðað er við nágrannalöndin var skólavist barna í þéttbýli mjög stutt, hvort sem miðað er við fjölda vikna eða kennslustunda í hverri viku. Uppbygging skipulagðs tómstundastarfs var skammt á veg komin, leiksvæði voru fá og óaðlaðandi svo þann tíma sem börnin voru ekki í skólanum eða innan veggja heimilisins var gatan aðal vettvangurinn. Þessar aðstæður sem voru vel þekktar í borgum grannlandanna á 18. og 19. öld áttu mikinn þátt í því að menn sem fundu til ábyrðar í uppeldismálum sáu uppeldisskilyrði sveitanna sem andstæðu götulífsins. Ekki má heldur gleyma því að margir foreldrar barna á 20. öld, ekki síst fyrri hluta hennar, voru sjálfir aldri upp í sveit (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 294).

Eins og áður sagði höfðu margir skólamenn ýmislegt til málanna að leggja. Flestir voru þeirrar skoðunar að mikilvægt væri fyrir andlega og líkamlega heilsu barna að komast í sveitasæluna á sumrin og voru foreldrar hvattir til að senda börn sín í sveit væri þess nokkur kostur. Á fimmta og sjötta áratugnum fór mikill fjöldi barna til sveitadvalar til lengri eða skemmri tíma (Eggert Þór Bernharðsson, 1998, bls. 143-145).

Á árunum 1934-1974 gaf Stéttarfélag barnakennara í Reykjavík út blað sem hét *Foreldrablaðið*. Barnakennarar létu sér sannarlega fátt óviðkomandi og árið 1945 birtist í þessu ágæta blaði grein sem fjallaði einmitt um sumardvöl barna í sveitum. (Kristinn Gíslason, 1945). Í upphafi greinar þessarar talar Kristinn um að sumardvöl reykvískra barna hafi fyrst hafist í stórum stíl í kjölfar hernámsins 1940. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að koma börnunum í öruggt skjól vegna yfirvofandi árásarhættu. Í greininni er

m.a. fjallað um barnaheimili sem Oddfellowreglan í Reykjavík kom á laggirnar fyrir fölu og veikluleg borgarbörn sem þurftu að komast í heilnæma sveitaloftið og lifa þar heilsusamlegu lífi.

Síðar mun hafa komið í ljós að það voru ekki einungis fölu og veiklulegu börnin sem höfðu gott af dvöl í sveitinni, því það kom á daginn að hraustu börnin komu enn hraustari til baka að hausti. Mörg börn dvöldu á sveitaheimilum. Að vísu munu hafa heyrst raddir þessi efnis að illa væri hugsað um börnin á einhverjum sveitaheimilum. Þetta taldi Kristinn algjöra undantekningu, ef þetta væri yfirleitt á rökum reist.

Það var skoðun Kristins að þó barnaheimili væru góð að einhverju leyti, gætu leikir og íþróttir aldrei komið í stað vinnu, nema hvað hreyfingu varðar. Til að koma börnum almennilega til manns þurfi að koma þeim fyrir á góðu sveitaheimili, þar sem þeim lærðist að vinna sér til gagns. Það var líka skoðun Kristins að leti og óbeit margra unglunga á vinnu mætti rekja til þess að þau hafi ekki vanist henni sem börn. Hann nefnir ennfremur að það sé heilsuveilum börnum, sem ekki er hægt að láta vinna sveitavinnu, betra að vera á þar til gerðum barnaheimilum í sveit heldur en að alast upp í iðjuleysi borgarinnar fjarri sólarljósi og sumarblíðu. Þessa síðustu setningu má skilja sem svo að sumarblíðu og sólarljóss hafi aldrei gætt í borginni.

Það var þó ekki svo að allir skólamenn væru þeirrar skoðunar að ekki væri vinnandi vegur að ala börn sómasamlega upp í höfuðborginni og mótmæltu þessum „hreppaflutningum“ og því að ekki væri hægt að koma bæjarbörnum til viðunandi þroska með því að hafa þau heima hjá sér allt árið. Á sjöunda áratugnum birtust í dagblöðum viðvörunarorð frá barnaverndaryfirvöldum þess efnis að foreldrar væru varaðir við að senda börn yngri en 6-7 ára til sumardvalar nema brýna nauðsyn bæri til. Töldu nefndarmenn að svo ung börn hefðu ekki öðlast nægilegan þroska til að vera aðskilin frá foreldrum sínum og heimilum vikum saman, þetta mun hafa valdið talsverðum vonbrigðum meðal þeirra sem álitu sveitadvöl sáluhjálparatriði fyrir öll börn (Eggert Þór Bernharðsson, 1998, bls. 143-144).

Það voru þó ekki einungis Reykjavíkurbörnin sem voru í bráðri hættu. Siglfirskum konum var umhugað að koma sínum börnum burt úr bænum á sumrin. Í júní 1943 var vígt sumardvalarheimili fyrir börn úr síldarbænum. Þetta sáu ábyrgar konur og mæður sem uppeldislegt mótvægi gegn fólksflóttanum úr sveitum landsins og spillingaráhrifum kaup-

staðarlífsins (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 298). Hér fylgir með hluti af ræðu sem Guðrún Björnsdóttir flutti við vígslu sumardvalarheimilis Siglfirðinga, Sólgarða í Fljótum. Þessi bútur úr ræðunni birtist í bókinni *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*. Enn eitt dæmið um hvernig orðræðan gat verið á þessum tíma.

Áhrif kaupstaðanna á þroska þjóðarinnar

Ég get ekki annað sagt en að mér ógnar tilhugsunin um það, ef svo á að fara, að flest íslensk börn alist upp í kaupstöðum. Ég er hrædd um að því sé of lítill gaumur gefinn hver áhrif það mundi hafa á þroska þjóðarinnar, þol hennar og víðsýni, og þó ef til vill sérstaklega hver áhrif það mundi hafa á tunguna, móðurmálið okkar góða, „mjúka og ríka“ (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 298).

2.4 Sumarkrakkar í sveit

Það er ekki hlaupið að því að meta hversu mörg börn úr þéttbýlinu voru send í sveit yfir sumarmánuðina. Hið langa sumarfrí og ríkjandi viðhorf um nauðsyn vinnunnar við uppeldi, sérstaklega drengja, ýtti undir sveitadvöl þéttbýlisbarna. Margt bendir til þess að 40-50% 10-13 ára barna í Reykjavík hafi verið send í sveit á miðjum fjórða áratugnum. Við gerð frumvarps til fræðslulaga árið 1934 var sumardvöl barna notuð sem rök fyrir því að skólaár eldri barna takmarkaðist við 1. október til 1. maí, svo þau gætu verið komin í sveitina um sauðburð og verið þar fram yfir réttir. Svo virðist sem undir lok fjórða áratugarins hafi sumardvalarbörnum í sveit verið farið að fækka, en á stríðárunum kom aftur kippur í sumardvöl barna, í upphafi af öryggisástæðum. Þessi siður lagðist þó ekki af í stríðslok. Ein ástæðan gæti hugsanlega verið sú að stór hluti þess fólks sem ól börn sín upp á sjöunda og áttunda áratugnum hafi sjálft fengið reynslu af sveitalífinu á sínum æskuárum (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 297-288).

Þrátt fyrir allan þann fjölda barna og unglinga sem fóru til sumardvalar í sveit á 20. öld er ekki að finna mikið af skráðum frásögnum af þessari reynslu og enginn fræðimaður virðist hafa rannsakað þetta viðfangsefni að nokkru ráði. Fyrir ári síðan var lögð fram meistararitgerð í þróunarfræðum við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands þar sem sveitadvöl barna var skoðuð út frá því sjónarhorni að um mansal gæti hafa verið að ræða (Ólöf Daðey Pétursdóttir, 2011, bls. 4). Ólöf Daðey hafði skilgreiningu Palermóbókunar

Sameinuðu þjóðanna frá 2000 um bann við mansali til hliðsjónar. Hún tók viðtöl við foreldra sem sendu börn sín í sveit, bændur sem tóku við börnum til sveitardvalar og börn sem dvöldu í sveit. Upplifun barnanna var misjöfn. Allir þurftu að vinna meðan á sveitardvölinni stóð en upplifum flestra var jákvæð og fannst fólki hún þroskandi. Í sumum tilfellum fannst börnum á sér brotið og að þau hefðu verið arðrænd. Niðurstaða Ólafar Daðeyjar er að ekki sé réttlætanlegt að skilgreina siðinn sem mansal.

3 Vinna barna

Eins og áður er getið hefur vinna barna tíðkast frá ómunatíð. Hvers eðlis hún hefur verið, hversu mikil, og hver viðhorf manna til hennar hafa verið er misjafnt. Það er ljóst að vinna barna og unglunga er ekki, og hefur ekki verið einskorðuð við Ísland. Árið 1997 kom út safn ritgerða eftir sjö norræna fræðimenn. Í bók þessari er sjónum beint að barnavinnu á Norðurlöndum á árabílinu 1850-1990. Vinna barna er umdeild bæði meðal félags- og sagnfræðinga og þykir ekki samræmast hugmyndum nútímamanna um góða barnæsku, sem börn eiga að eyða við áhyggjulausan leik og skólagöngu. Ritstjórar þessarar bókar, sem heitir *Industrious Children*, líta svo á að útgáfa hennar geti varpað nýju ljósi á sögu barnavinnu á síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20. og orðið innlegg í umræður um þessi mál (*Sandin, Schrupf og Coninck-Smith, 1997, bls. 15*).

Hvað sem öðru líður virðast viðhorf manna til vinnu barna og unglunga vera önnur á Íslandi en t.d. á hinum Norðurlöndunum, í það minnsta í seinni tíð. Viðhorf til vinnu barna virðast vera jákvæðari á Íslandi en meðal hinna norrænu þjóðanna. Ástæður þessara misjöfnu viðhorfa eru svo sem ekki kunnar, en höfundar áður nefndrar bókar geta sér þess til að skýringuna gæti m.a. verið að finna í því að nútímavæðing Íslands hafði tekið lengri tíma en hinna landanna (*Sandin o.fl., 1997, bls. 8* og *Ólöf Garðarsdóttir, 1997, bls. 162-163*). Ekki má heldur horfa fram hjá þeirri staðreynd að ekki var mikilli fjölbreytni fyrir að fara í atvinnulífi Íslendinga og árstíðabundnar sveiflur voru þekktar. Þessar sveiflur kölluðu mjög oft á vinnukrafta barna og unglunga. Í flestum ef ekki öllum byggðarlögum sem byggðu afkomu sína á sjávarútvegi var oft gripið til þess ráðs að fá stálpuð börn og unglunga í vinnu þegar mikill afli barst á land. Þess eru dæmi að þetta sé gert enn. Þetta er oft kallað að bjarga verðmætum.

Ef umræðan um vinnu barna er skoðuð í sögulegu ljósi má sjá að kastljósinu hefur verið beint meira að vinnu barna í iðnaði á 19. öld en minna að vinnu barna við landbúnað, fiskvinnslu og önnur störf. Rannsóknir á vinnu barna á 20. öldinni hafa að mestu beinst að vinnu barna í þriðja heiminum en mun minna að barnavinnu í iðnvæddum vestrænum heimi. Því skal þó haldið til haga að ástæða þess að svo lítið hefur verið rannsakað á þessu sviði er ekki hvað síst að sú að upplýsingar um aðra vinnu en í iðnaði liggja ekki endilega á lausu. Enn fremur er fjallað um að áhersla hafi verið lögð á að rannsaka launuð störf barna en ólaunaðri vinnu þeirra á heimilum sínum líttill gaumur gefinn, þó þessi vinna þeirra hafi haft mikið að segja fyrir afkomu fjölskyldunnar, sérstaklega þeirra fjölskyldna sem byggðu lífsafkomu sína á landbúnaði (Sandin o.fl., 1997, bls. 9-10).

Í grein sem birtist 1986 fjallaði Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði, um vinnu barna. Viðfangsefnið var vinna barna á ofanverðri 19. öld og studdist hann við sjálfsævisögur við ritun greinarinnar. Þó umfjöllunarefnið hér sé 20. öldin er margt sem bendir til þess að lítið hafi breyst í þessum efnum fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld og því má gera ráð fyrir að vinna barna á fyrri hluta 20. aldar hafi í litlu verið frábrugðin vinnu þeirra á seinni hluta þeirrar 19.

Vinnuframlag barna var þó afar mismunandi eftir aldri, kyni, stétt og búsetu. Þegar fjallað er um vinnu barna á fyrri hluta 20. aldar þarf að hafa í huga að samfélagið mat vinnuna mikils, vinnan var takmarkið og nauðsyn í samfélagi fátæktar og harðrar lífsbaráttu. Í áður nefndri grein Guðmundar kemur m.a. fram að til sveita var vinnu barna öðruvísi háttað en í þéttbýli. Í sveitum fylgdi vinnuframlag fastbundinni hringrás eftir árstíðum. Mun meira var að gera á sumrin og þá sérstaklega í sambandi við heyskap. Á veturna voru störfin fábreyttari og tengdust þá helst tóvinnu ýmiskonar og snúningum við búpeninginn. Fyrstu störf flestra barna voru iðulega til að spara þeim fullorðnu sporin. Sem dæmi um slík störf má nefna, rekstur úr túnum, fara með mat á engjar og reka og sækja kýrnar. Algengt var að fyrsta ábyrgðarstarfið væri að vaka yfir ánum á vorin (Guðmundur Hálfðanarson, 1986, bls. 128-130).

Í sömu grein fjallar Guðmundur einnig um vinnu barna í þéttbýli. Þar var þessu öðruvísi háttað. Bæði voru tækifæri til vinnu umtalsvert fleiri og má þar nefna aðstoð í verzlunum, fiskburð, pakkhúsvinnu ýmiskonar og sendlastörf. Algengt var að stúlkur

hjálpuðu til við heimilishald og gæslu yngri barna. Á sumrin voru mörg bæjarbörn send í sveit. Þá er vert að geta sjávarplássna þar sem allt snerist um fiskveiðar og björgun verðmæta úr sjó og barnavinna því mikils metin. Vinna barna í bæjum tengdist meira fjárhag fjölskyldna og því algengt að börn fátækra foreldra þyrftu að vinna meira en jafnaðrar þeirra sem bjuggu við betra fjárhagslegt umhverfi (Guðmundur Hálfðanarson, 1986, bls. 130-132).

Barnavinnu á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar er hægt að skilgreina sem vinnuframlag barna til aðstoðar við framfærslu heimilisins en ekki síður hið uppeldislega gildi sem vinnan hafði, sbr. orðatiltækið „vinnan göfgar manninn“. Þegar leið á öldina urðu sjónarmið um að börnin hefðu eitthvað fyrir stafni oftast en ekki ofan á.

Ýmsir fræðimenn hafa bent á að íslenskir foreldrar hafi almennt álitnið vinnu barna mikilvægan þátt í uppeldi þeirra, mun mikilvægari en foreldrar barna í öðrum evrópskum löndum. Gildi vinnu almennt hefur alltaf verið hátt skrifað á Íslandi og talið til mannkosta að vinna mikið (Ólöf Garðarsdóttir, 1997, bls. 161).

3.1 Lög og reglur

Árið 1932 tóku fyrstu lög um barnavernd gildi á Íslandi. Nokkrum sinnum hafa þau verið endurskoðuð, m.a. 1992, núgildandi lög eru frá 2002 (*Barnaverndarlög nr. 80/2002*). Í barnaverndarlögum er ekki beint kveðið á um vinnu barna og unglinga. Löginn byggja á mannúðarsjónarmiðum og eins og nafnið gefur til kynna er hlutverk þeirra fyrst og fremst að vernda börn og unglinga. Löginn hafa í raun engan tilgang annan en koma börnum og unglingum til hjálpar ef þörf krefur, ekki síst ef þau sæta illri meðferð, hvort sem er heima hjá sér eða annars staðar. Barnaverndarlög eru ekki einu íslensku löginn sem vernda börn, því þau njóta líka verndar í almennum hegningarlögum og ekki síst í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eða vinnuverndarlögunum eins og þau eru kölluð í daglegu tali (Sigríður Ingvarsdóttir, 1992).

Ekki er síður forvitnilegt að velta fyrir sér hvaða skilning menn leggja í orðin barn, ungmenni og vinna. Sá skilningur er ekki endilega sá sami núna árið 2012 og hann var áður fyrr. Ekki þarf að fara mjög langt aftur í tímann til að finna dæmi þess að fólk hafi lagt annan skilning í þessi orð en flestum er samt að gera nú. Svo virðist að um og eftir miðja síðustu öld hafi enn eimt eftir af því viðhorfi að fljótlega eftir fermingu gætu börn farið að

vinna fyrir sér. Nokkuð er um liðið síðan orðtakið „í fullorðinna manna tölu“ var notað í því samhengi að við fermingu verði börn fullorðin. Engum heilvita manni dytti í hug að nota þetta viðmið í dag. Engu að síður eru eflaust margir sem geta fundið dæmi um fólk sem fór beint á vinnumarkaðinn eftir að skyldunámi lauk, þegar það var enn á unglingsárum.

Nútímaskilgreiningar á hvað er barn, unglingur og ungmenni er m.a. að finna í reglugerð um vinnu barna og unglinga. Skilgreiningarnar er að finna í 1. gr. reglugerðarinnar. Það vekur athygli að ungmenni og unglingur er ekki það sama í reglugerð þessari, þó í daglegu tali manna séu mörkin þar á milli frekar óljós.

Reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri.

Ungmenni merkir í reglugerð þessari einstakling undir 18 ára aldri.

Barn merkir í reglugerð þessari einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi.

Unglingur merkir í reglugerð þessari einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi (*Reglugerð um vinnu barna og unglinga*, 1999).

Þann 1. janúar 1998 breyttust lög þannig að lögræðisaldur hækkaði úr 16 árum í 18 ár (*Lögræðislög*, 1997). Sá sem er lögráða er bæði sjálfráða og fjárráða. Eitt af því sem þetta hefur í för með sér er að ekki má ráða fólk sem ekki er orðið 18 ára til hvaða vinnu sem er, nánar er kveðið á um hvers konar vinnu má leyfa börnum og unglingum að inna af hendi í vinnuverndarlögunum svokölluðu (*Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum*, 1980).

Íslendingar eru aðilar að EES samningum, eins og kunnugt er. Meðal þeirra reglna sem okkur ber að lúta snúa að vinnuvernd barna. Fyrir tæpum 16 árum síðan hópuðust 10-12 ára gömul börn saman við þinghúsið í Kaupmannahöfn. Ástæðan var sú að ný lög Evrópusambandsins (ESB) um bann við því að börn yngri en 13 ára bæru út dagblöð, hafði tekið gildi. Börnin voru ekki sátt við að missa vinnuna, en þau höfðu, eins og börn hafa í gegnum tíðina gert víða, nælt sér í vasapeninga með blaðaútburði. Danskir þingmenn gátu

ekkert gert í málinu, frekar en þingmenn annarra ríkja sem bannið náði til (Sandin o.fl., 1997, bls. 7).

Ástæða bannsins mun m.a. hafa verið liður í baráttunni gegn launaðri vinnu skóla- barna, sem að margra áliti tók of mikinn tíma frá náminu. Þessi lög urðu til þess að oft voru foreldrar eða eldri systkin skráð fyrir blaðaútburðinum, þó börnin héldu áfram að bera út blöðin eftir sem áður og væru þar með orðin lögbrotar (Sandin o.fl., 1997, bls 7). Kannski er þetta dæmi um ofverndun, þó lög og reglur séu oftast af hinu góða getur stundum verið gott að láta heilbrigða skynsemi ráða ferðinni og leyfa krökkum að bera út blöð ef þau vilja, það gæti verið liður í því að kenna þeim að axla ábyrgð.

Þessi málefni bar líka á góma á Alþingi Íslendinga. Vorið 1997 voru málefni barna talsvert rædd á þeim vettvangi. Umræðan sneri m.a. að EES samningnum, því Íslendingar urðu að samræma reglur um vinnu barna og unglunga að reglum samningsins. Vinnu þeirra sem ekki voru orðnir 16 ára voru verulegar skorður settar og sérstakt eftirlit átti að hafa með vinnu þeirra sem voru undir 18 ára aldri (Ólöf Garðarsdóttir, 1998, bls. 250).

Það skiptir engu máli þó Íslendingar hafi aðrar hugmyndir um vinnu barna og unglunga en valdaaðilar innan Evrópusambandsins, því sem aðilar að EES samningnum verðum við að fara að reglum hans. Því er nokkuð ljóst að sú mynd sem dregin var upp af íslenskum börnum og unglingum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, þar sem viðhorfið var að kenna þeim að vinna með því að kynna þeim helstu atvinnuvegi þjóðarinnar af eigin raun, hefur verið þurrkuð út.

Vissulega er full þörf á því að setja lög og reglugerðir sem kveða á um hvað óhætt er að leyfa börnum og unglingum að vinna. Reglurnar eru ekki síst settar til að koma í veg fyrir að börnin verði fyrir tjóni af því að vinna með skaðleg efni eða við hættulegar vélar sem þau hafa ekki þroska til að umgangast. Þessar reglur er víða hægt að nálgast. Á heimasíðu Alþýðusambands Íslands er meðal annars að finna samantekt á því hvað börn og unglingar mega gera og hversu lengi þau mega vinna dag hvern. Líka er þar að finna upplýsingar um hvað þau mega ekki gera.

Vinna unglunga

Unglinga er heimilt að ráða til vinnu að virtum þeim takmörkunum sem vinnuverndarlögin mæla fyrir um.

Í þeim er kveðið á um óheimilt sé að ráða ungmenni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

- a. Vinnu sem líklega er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
- b. Vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni.
- c. Vinnu þar sem hættu er á skaðlegri geislun.
- d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slyshættu sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
- e. Vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
- f. Vinnu þar sem hættu er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu að því undanskildu að ungmennin starfi með fullorðnum.

Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglunga (*Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum*, 1980).

3.2 Vinnuskólar

Þegar fjallað er um vinnu barna og unglunga má ekki gleyma því að sumarleyfi íslenskra skólabarna var lengi vel mun lengra en barna annars staðar í hinum vestræna heimi. Í því ljósi er kannski ekki skrytið að foreldrar hafi viljað að stálpuð börn hefðu eitthvað við að vera þá þrjá til fjóra mánuði sem þau þurftu ekki að fara í skólann. Yfirvöld lögðu líka víða sín lóð á vogarskálarnar við að finna viðunandi viðfangsefni fyrir börnin. Má þar nefna vinnuskóla fyrir unglinganna og skólagarða fyrir yngri börnin.

Árið 1937 tók bæjarstjórn Reykjavíkur þá ákvörðun að starfrækja vinnuskóla. Ráðgert var að skólinn stæði í fjórar vikur og átti starfsemin að fara fram í skíðaskála Ármanns í Jósefsdal. Þarna stóð 25 piltum á aldrinum 14-16 ára til boða vinna. Vinnudagurinn átti að vera sex klst. á dag og einni klst. átti að verja til íþróttaiðkana. Fæði, húsnæði og kennsla var ókeypis og launin voru 15 krónur. Þessi aðgerð mun hafa verið liður í átaki fyrir atvinnulaus ungmenni, því árið 1937 var atvinnuleysið sem fylgdi heimskreppunni miklu á fjórða áratugum enn viðvarandi. Þeir sem höfðu fyrir fjölskyldu að sjá gengu alla jafna fyrir um þá litlu vinnu sem var í boði en atvinnuleysi meðal unglunga var nánast algjört. Þetta námskeið sem getið er um hér að ofan var dæmi um viðbrögð bæjaryfirvalda í Reykjavík

við þessu ástandi. Á stríðsárunum 1940-1945 var nóga vinnu að hafa og unnu unglingar við ýmis störf við hlið fullorðinna (Borgarskjalasafn Reykjavíkur, 2005).

Þegar leið á fimmta áratuginn sótti aftur í sama farið og atvinnuleysi unglunga varð aftur staðreynd. Vorið 1948 var komið á fót sérstökum vinnuflokkum unglunga á aldrinum 12-15 ára í bæjarvinnunni. Tilgangur þessara vinnuflokka var að kenna unglingum vinnutækni og ýmiskonar handbragð. Þessi tilraun þótti takast vel og var framhaldið í þrjú sumur. Þrátt fyrir að þetta hafi gengið vel þótti bæjarráði Reykjavíkur ástæða til að koma þessari starfsemi í fastari skorður og þann 4. maí 1951 var Vinnuskóli Reykjavíkur formlega stofnaður, þó hann hafi í rauninni starfað frá 1948 (Borgarskjalasafn Reykjavíkur, 2005 og Ólöf Garðarsdóttir, 1997, bls. 167).

Vinnuskólar hafa verið starfræktir í flestum ef ekki öllum stærri kaupstöðum landsins síðan um og fyrir miðja síðustu öld. Eðli málsins samkvæmt var fjölmennasti vinnuskólinn í Reykjavík, en hann var stofnaður 1948 í þeirri mynd sem við þekkjum vinnuskóla, eins og áður sagði. Sama ár tóku skólagarðar til starfa, en þeir voru ætlaðir yngri nemendum. Vinnuskólinn var ætlaður elstu nemendum í skyldunámi. Frá upphafi og til ársins 1967 var vinnuskólinn ætlaður 14 og 15 ára unglingum en frá árinu 1995 stóð 16 ára unglingum til boða vinna líka (Borgarskjalasafn Reykjavíkur, 2005). Nú er svo komið að einungis nemendum í 9. og 10. bekk stendur til boða vinna í vinnuskóla í Reykjavík í örfáar vikur. Víða annars staðar á landinu stendur 14, 15, 16 og 17 ára unglingum til boða vinna hjá vinnuskólum síns sveitarfélags, mismikil eftir sveitarfélögum.

Svo virðist sem þátttaka í vinnuskólum hafi fylgt efnahagsástandinu í þjóðfélaginu. Þegar nóga vinnu var að hafa á almennum vinnumarkaði var aðsóknin minni, en þegar harðnaði á dalnum jókst hún. Á atvinnuleysisárunum frá 1967-1970 var aðsóknin í vinnuskólann í Reykjavík mikil. Hún minnkaði þegar betur áraði í upphafi áttunda áratugarins en jókst síðan aftur og hefur vaxið nokkuð þétt allar götur síðan. Ef tölur um aðsókn í vinnuskólann eru skoðaðar kemur í ljós að sveiflur í aðsókn eftir atvinnuástandi eru meiri hjá 15 ára drengjum en stúlkum á sama aldri og yngri drengjum. Þetta virðist benda til þess að eldri drengjum gangi betur að fá vinnu á almennum markaði en stúlkum, þeir virðist t.d. frekar vera ráðnir í byggingavinnu en stúlkur (Ólöf Garðarsdóttir, 1997, bls. 168-169).

3.3 Hver gerir hvað?

Stúlkur passa börn og vinna heimilisstörf og drengir sendast, bera út blöð og vinna vinnu þar sem líkamlegra krafta er þörf. Þetta er nú dálítið mikil afhæfing, en þó er nokkur fótur fyrir henni. Einhverjir hafa kannað kynjaskiptingu starfa sem börn og unglingar unnu á 20. öld. Meðal þeirra er Ólöf Garðarsdóttir. Hún skoðaði t.d. kynjaskiptingu Vinnuskólans í Reykjavík. Þegar vinnuskólinn var stofnaður var ekki gert ráð fyrir að stúlkur fengju þar vinnu. Yfirvöld urðu þó fljótlega að hverfa frá þeirri ákvörðun því strax í upphafi sýndu stúlkur áhuga á vinnu þar. Það var skoðun þeirra sem komu vinnuskólanum á fót að stúlkur gætu haft nóg að gera við að sinna heimilisstörfum, hvort sem er heima hjá sér eða á heimilum þeirra sem sóttust eftir vinnukonum. Ekki leið á löngu þar til stúlkur urðu virkir þátttakendur í vinnuskólanum, en verkaskipting var kynjaskipt. Sem dæmi má nefna að piltar unnu við vegalagningu og fengu að fara á skólaskip til að læra undirstöðuatriði sjómennsku. Stúlkur unnu í fiski og gættu barna á leikvöllum. Bæði kynin tóku þátt í garðyrkjustörfum, en samt voru störfin þar kynjaskipt. Drengirnir slógu og unnu önnur störf sem unnin voru með vélum. Stúlkurnar aftur á móti gróðursettu og reyttu illgresi (Ólöf Garðarsdóttir, 1997, bls. 170-171).

Að einu leyti var Vinnuskóli Reykjavíkur á undan sinni samtíð, stúlkur og drengir fengu sömu laun. Þetta fór fyrir brjóstið á yfirvöldum, þeim fannst þetta ekki sanngjarnt því vinna stúlnanna væri mun léttari en drengjanna. Þeim fannst drengirnir fá of lág laun miðað við almennan vinnumarkað. Laun stúlnanna munu hins vegar hafa verið samþærileg launum kvenna á almennum vinnumarkaði (Ólöf Garðarsdóttir, 1997, bls. 171-172). Hafa skal í huga að þegar Vinnuskólinn tók til starfa 1948 var langt í land með launajafnrétti kynjanna, þó eitthvað hafi mjakast í áttina.

Barnagæsla hefur í gegnum tíðina verið dæmigerð vinna fyrir stúlkur. Ætla mætti að þegar komið var fram á 21. öldina hefði komist á kynjajafnvægi. Annað kom þó á daginn, ef marka má niðurstöður lítillar könnunar sem gerð var meðal 15 ára unglunga í skóla einum í Reykjavík árið 1993. Margir unglinganna höfðu einhvern tíma passað börn, en þegar spurt var nánar kom í ljós verulegur munur á kynjum. Aðeins 10% drengjanna höfðu einhvern tíma passað börn sem ekki voru skyld þeim. Margir drengjanna höfðu litið eftir systkinum sínum eða systkinabörnum en 30% þeirra höfðu aldrei passað börn. Þegar að stúlkunum kom var allt annað uppi á teningnum. Yfir 90% þeirra höfðu einhvern tíma litið

eftir sér óskyldum börnum og allar höfðu þær einhvern tíma passað börn. Þó ekki sé þetta umfangsmikil könnun gat hún samt gefið vísbendingar um að enn væru það stúlkur sem tækju meiri ábyrgð þegar kemur að barnagæslu (Ólöf Garðarsdóttir, 1998, bls. 250).

Það er alkunna að ung börn hafa í gegnum tíðina litið eftir smábörnum og sýnist hverjum sitt um það. Á ofanverðri síðustu öld fór Rauði kross Íslands að bjóða upp á námskeið sem kölluðu voru barnfóstrunámskeið. Námskeiðin voru ætluð 12-14 ára gömlum börnum. Markmiðið var að þau öðluðustu öryggi við barnagæslu og fengju aukna þekkingu á börnum og umhverfi þeirra. Enn heldur Rauði krossinn svipuð námskeið, nú undir heitinu *Börn og umhverfi*, nafninu hefur verið breytt en innihaldið virðist vera það sama, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu samtakanna (*Rauði kross Íslands, 2012*). Þetta er dálítið athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að samkvæmt lögum um vinnuvernd er bannað að ráða barn yngra en 15 ára í vinnu. Í þessum lögum, eins og mörgum öðrum, má túlka hlutina á ýmsa vegu, t.d. mega börn sinna störfum á heimili og ýmsum léttum störfum og hlýtur það þá að vera matsatriði hverju sinni hvort barnagæsla sé starf á heimili, og/eða létt starf.

En hvað með drengina? Nokkuð ljóst er að þeir voru ekki, og eru sennilega ekki enn, á kafi í heimilisstörfum eða barnagæslu. Margir þeirra fóru í sveit, en það mun hafa verið mun algengara að drengir færu í sveit en stúlkur. Ekki var óalgengt að drengir kæmust að í vegavinnu og brúarsmíði. Aðrir unnu sem sendlar eða handlangarar í byggingavinnu svo einhver dæmi séu tekin. Svo virðist sem drengjum hafi alla jafna gengið betur að finna sér störf á almennum vinnumarkaði en stúlkum. Bæði kynin unnu svo í vinnuskólanum (Ólöf Garðarsdóttir, 2009, bls. 182).

Árið 1963 voru birtar niðurstöður úr könnun á sumarvinnu skólabarna í Reykjavík, náði könnunin til 87% 12-14 ára barna. Könnunin var gerð á vegum fræðslufirvalda sem settu á stofn nefnd til að meta þörfina á sumarvinnu unglinga. Niðurstöðurnar voru birtar í nefndaráliti í febrúar 1963. Ólöf Garðarsdóttir notaði þessar niðurstöður í tímaritsgrein árið 2009 og eru tölurnar í eftirfarandi töflu fengnar úr þeirri grein. Í töflunni, sem sýnt er á bls. 25 má glögggt greina kynjamun (Ólöf Garðarsdóttir, 2009, bls. 180-181).

Tafla 1 – Sumarvinna 12-14 ára barna í Reykjavík sumarið 1962 (%)

Störf	12 ára		13 ára		14 ára	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
Vinna í sveit	54,5	35,9	48,5	29,6	41,9	20,7
Heimilisstörf á heimili annarra	0,6	32,9	0,0	28,3	0,2	9,8
Heimilisstörf á eigin heimili	3,2	15,8	0,3	11,1	0,2	5,2
Sendiferðir	17,4	2,0	16,4	3,6	10,9	2,8
Vinnuskóli	0,6	0,2	16,7	1,1	9,1	27,0
Vinna þar sem ekki er krafist sérstakar þekkingar	6,3	3,7	12,2	14,2	30,2	21,2
Verslunar- og skrifstofustörf	0,8	1,5	1,5	6,4	3,7	9,7
Önnur óskilgreind störf	8,6	6,1	2,6	4,8	3,3	3,2
Engin vinna	8,0	1,7	1,7	0,9	0,5	0,3

Í könnuninni var ekki skilgreint nánar hvers konar störf á heimilum stúlkurnar stunduðu. Ekki er ólíklegt að barnagæsla hafi þar gegnt mikilvægu hlutverki. Á alþjóðlegan mælikvarða var frjósemi íslenskra kvenna mikil í byrjun sjöunda áratugarins og eignaðist hver kona að jafnaði fjögur börn á lífsleiðinni. Því má gera að margar unglingsstúlkur hafi gætt ungra barna á sumrin (Ólöf Garðarsdóttir, 2009, bls. 182).

4 Skólagangan og vinnan

Allt frá því börn að urðu skólaskyld virðast hafa verið skiptar skoðanir um lengd skólaársins og oftast en ekki er ástæðan árekstrar við vinnu. Árið 1961 gerði Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri í Reykjavík, þetta að umfjöllunarefni á norrænu kennaraþingi í Kaupmannahöfn. Hann benti einmitt á að þegar lög um fræðsluskyldu barna og unglinga voru sett hafi þau mætt nokkurri andúð almennings fyrir þær sakir að 10-13 ára börn, sem lögin tóku til, tefðust frá gagnlegum störfum heima fyrir. Hann benti á að það hefði tíðkast frá ómumatið og þótt sjálfsagt að börn hjálpuðu til á heimilinu um leið og þau hefðu aldur til. Jónas taldi að litlar líkur væru á að sumarleyfi yrði stytt og skólatími þar með lengdur. Ástæðuna taldi hann vera þá að öllum almenningi þætti skólatíminn nú þegar nógu langur og sumum fulllangur ef eitthvað væri (Jónas B. Jónsson, 1961).

4.1 Skólaárið lengist

Á 20. öldinni lengdist skólaárið smátt og smátt. Það er ekki úr vegi að skoða örlítið hvernig þróunin var og til þess er gott að notast við bækurnar *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, sem komu út í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að fræðslulögin svokölluðu voru sett 1907.

Mikil tímamót urðu árið 1907 þegar sett voru lög um fræðslu barna, lög þessi tóku gildi árið 1908. Þó leit út fyrir að menn væru ekki enn sannfærðir um nauðsyn þess að stofna sérstaka skóla til að uppfræða börnin. Aðalágreiðingsefnið í umræðum um þessi mál á Alþingi var hvort ekki mætti fullnægja fræðsluskyldunni heima við eins og verið hafði, eða hvort öllum börnum væri skylt að sækja skóla, hvort sem var fastan eða farskóla. Niðurstaðan varð einhverskonar málamiðlun milli skólafræðslu og heimafræðslu og hverju byggðarlagi var frjálst að ákveða með hvaða hætti hinni tilskildu fræðslu væri komið á framfæri. Fræðsluskyldan tók til 10-14 ára barna (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 75).

Á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, nánar tiltekið 1926 og 1936, voru tvívegis sett lög um fræðslu barna. Lagasetningin 1926 hnykkti á því að þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélaginu í kjölfar fyrri heimsstyrjaldar skyldi ekki horfið frá anda laganna frá 1907. Enn fremur markaði lagasetning 1926 upphafið að því að láta skólaskyldu ná til yngri barna, en

þá varð heimilt að skylda 7-9 ára börn til að ganga í skóla (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 108).

Frá upphafi hafði verið munur á lengd skólagöngu barna eftir búsetu. Þær breytingar sem urðu á fræðslulögum urðu m.a. þær að þar sem farskólar eða heimavistarskólar voru starfræktir skyldi veita kennslu minnst 12 vikur á ári (í stað 8 vikna áður) og í þéttbýli þar sem voru heimangönguskólar skyldi kennsluskyldan vera 24 kennsluvikur árlega. Þó var heimilt að stytta þennan kennslutíma um fjórar vikur til að rýma fyrir 7-9 ára börnum, væri þess óskað (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 109).

Enn urðu tímamót árið 1946. Án efa varð mesti viðsnúningur í lífi þjóðarinnar hernámsárið 1940. Nóga vinnu var að hafa og efnahagslífið stefndi upp á við. Í lok seinni heimsstyrjaldar bjó hið unga lýðveldi yfir fjármagni sem aldrei fyrr. Nú var lag að efla menntakerfið og árið 1946 var innleidd ný fræðslulöggjöf. Reyndar varð örlítið bakslag þegar gjaldeyrisgróði stríðsáranna gekk til þurrðar Næstu tvo áratugina var ný menntastefna innleidd og skólaárið lengt smám saman (Helgi Skúli Kjartansson, 2008b, bls. 11-12).

Í hvert sinn er breytingar voru gerðar skapaðist umræða og eins og við var að búast voru skoðanir skiptar. Þegar skólaár 10-12 ára barna var lengt 1964 voru viðbrögð foreldra og kennara yfirleitt jákvæð. Óánægjuraddir heyrðust þó og vísuðu menn þá yfirleitt til þess að sumardvöl barnanna í sveit styttist og þau misstu af réttunum. Nokkur brögð voru að því að börnin mættu ekki í skólanna á tilsettum tíma meðan fólk aðlagðist þessari breytingu (Eggert Þór Bernharðsson, 1998, bls.210).

Yfirleitt var ekki til síðs að spyrja börnin áhlits þegar breytingar voru gerðar á skólagöngu þeirra. Haustið 1964, þegar skólaár 10-12 ára barna hófst mánuði fyrr en venjulega, fór blaðamaður á stúfana og spjallaði við nokkra krakka í einum af barnaskólum borgarinnar. Viðtalið fylgir hér með eins og það birtist í blaðinu. Þetta er úr bókinni *Saga Reykjavíkur – Borgin 1940-1990*.

-Ég er mjög reið sagði, Vala, ljóshærð hnáta með stuttar hárstýrur, á aftasta borði. Ég var í sveitinni og nú eru réttirnar að byrja. Þá er mest gaman.

-Við ætlum í verkfall, sagði vinkona hennar.

-Já, við ætlum að ganga með stór spjöld, sagði pattaralegur strákur á næsta leiti.

- Hvað á að standa á þeim, spurði blaðamaðurinn.

Svarið kom fljótt:

-Heimtum styttri skólagöngu!

-Við viljum komast í réttirnar!

-Er það mest spennandi í sveitinni?

-Já og hestarnir, sagði Gústi litli á fyrsta borði.

-Hvað voru mörg í sveitinni í sumar? Rétt upp hendur.

Sautján hendur á lofti.

-Einn er enn í sveitinni, sagði Gústi. Hann vill ekki koma strax.

-Hann er í verkfalli, sagði félagi hans fyrir aftan (Eggert Þór Bernharðsson, 1998, bls. 210-211).

4.2 Grunnskóli verður til

Mikil þáttaskil urðu 1974 en þá voru sett enn ein fræðslulögin og grunnskólinn varð til. Lögin frá 1974 eru án efa stærsta skrefið til að jafna menntunarmöguleika allra barna á Íslandi, frá því fyrstu fræðslulögin voru sett árið 1907. Nú áttu öll börn að hafa jafna möguleika óháð búsetu og námsgetu og skólaárið átti að vera jafn langt alls staðar á landinu (Jón Torfi Jónasson, 2008b, bls. 102).

Meðal helstu álitamála við setningu allra fræðslulaganna frá 1907-1974 var lengd skólagöngunnar. Þegar lögin 1974 voru sett var deilt um hvort skólagangan skyldi vera átta eða níu ár. Ákveðið var að hún skyldi vera níu ár en gildistökkunni var frestað þar til níu ára skólaskylda tók gildi 1985 og varði í fimm ár þar til skólaskyldan varð tíu ár árið 1990 (Jón Torfi Jónasson, 2008a, bls. 176).

Það er ef til vill ekki úr vegi að setja á einn stað hvernig skólaskyldan lengdist jafnt og þétt alla 20 öldin, það er sýnt í töflu á bls.29.

Tafla 2 – Skólaskyld námsár á Íslandi samkvæmt löggjöf á 20. öld

ÁR	FJÖLDI ÁRA	ALDUR
1907	4 ár	10-14 ára
1936	7 ár	7-14 ára
1946	8 ár	7-15 ára
1985	9 ár	7-16 ára
1990	10 ár	6-16 ára

(Jón Torfi Jónasson, 2008a, bls. 176).

Á sjöunda áratugnum voru tengsl borgaruppeldis við sveitalífið óðum að leysast upp. Héðan í frá myndi skólapróun landsins ráðast af þörfum þéttbýlisins og með tímanum fyrst og fremst þéttbýlisins við Faxaflóa. Við þau þáttaskil sem urðu á níunda áratugnum má segja að höfuðborgin og nágrenni hafi orðið sá samnefnari yfir íslenskt mannlíf og menningu sem sveitin var þegar fræðslulögin 1907 voru sett (Helgi Skúli Kjartansson, 2008b, bls. 17).

4.3 Lengd skólaársins og vinnan

Það má auðveldlega sjá tengsl milli vinnu skólabarna og lengdar skólaársins. Þegar fræðslulögin 1946 tóku gildi í þéttbýlistöðum með 1000 íbúa eða fleiri bar að lengja skólaárið í níu mánuði, frá september til maí. Þegar til kastanna kom voru það einungis yngri börnin, 7-9 ára sem hægt var að halda svo lengi í skóla. Börn sem voru orðin 10 ára voru of stór til að ganga iðjulaus allt sumarið og fóru því mörg til sumardvalar í sveit. Þannig var átta mánaða skóli staðreynd hjá eldri börnunum, því ekki gekk að láta skólahald eyðileggja fyrir þeim sveitavinnuna (Helgi Skúli Kjartansson, 2008a, bls. 45).

Þegar leið á sjöunda áratunginn fór sveitaheimilum fækkandi og aukin vélvæðing dró úr þörfinni fyrir vinnukrafta barnanna, jafnframt því sem vélarnar voru varasamar fyrir óvana kaupstaðarkrakka. Þetta varð til þess að margir foreldrar fóru að bjóða stálpaða

krakka til vinnu í sveit kauplaust eða jafnvel gegn meðgjöf og komust færri að en vildu. Í þéttbýlinu varð líka erfitt að finna sumarvinnu fyrir börn innan við fermingu, enda voru vélarnar þar, t.d. í fiskvinnslu, jafn varhugaverðar og í sveitinni. Afleiðingin var sú að atvinnuleysi skólabarna í sumarfríi varð vaxandi vandamál í stærstu bæjunum. Þetta kallaði á lengingu skólaársins, einnig hjá eldri deild barnaskólans. Í Reykjavík lengdist skólaár þessa hóps árið 1965 og í öðrum bæjum skömmu síðar. Í framhaldi af þessu varð fólk, hvort sem því líkaði betur eða verr, að venjast þeim veruleika að skólabörn ættu frí á sumrin en færu ekki að afla tekna að neinu ráði fyrr en um eða eftir fermingu (Helgi Skúli Kjartansson, 2008a, bls. 45-46).

Þó skólaárið hafi lengst og þörfin fyrir vinnukrafta barna og unglinga í sveitum hafi nánast horfið þegar leið á 20. öldina er það þó ekki svo að ungdómurinn hafi tekið til við að mæla götunar. Árið 1990 unnu 90% allra unglinga á aldrinum 13-15 ára í Reykjavík á vegum vinnuskólans. Þetta þykir benda til að erfitt hafa verið fyrir unglinga að fá vinnu utan vinnuskólans. Vinnan hélt áfram að vera mikilvægur þáttur í lífi barna og unglinga en varð í vaxandi mæli aðskilin vinnu hinna fullorðnu (Ólöf Garðarsdóttir, 2009, bls. 184).

5 Aðferðafræðin, munnlega sagan og viðtölin

Þó verkefni þetta sé að mestu leyti hefðbundin rannsóknarritgerð þar sem stuðst er við heimildir héðan og þaðan, kemur munnleg saga líka við sögu. Ég tók viðtöl við fjóra einstaklinga sem öll voru í sveit á sínum yngri árum. Þó hér sé ekki um stóra eða viðamikla rannsókn að ræða, gefa viðtölin við fjórmenninga vísbindingar um sumarstörf barna í sveit, þó með þeim annmörkum sem lýst er hér á eftir varðandi munnlega sögu. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan skrifuð upp og gerður úr þeim samfelldur texti, sem fylgir með í viðauka.

Einn viðmælandinn óskaði nafnleyndar og til að hafa samræmi í viðtölunum koma nöfn hinna ekki fram heldur. Það skiptir heldur engu máli hvað þau heita eða hvar þau voru í sveit, það er reynsla þeirra sem verið er að leita eftir. Þó má það koma fram að þau voru öll í sveit í sama héraðinu og ekki á afskekktum bæjum í afdölum. En til að gefa viðtölunum meira líf gaf ég viðmælendum mínum tilbúin nöfn og kallast þau héðan í frá Kári, Sif, Eva og Atli.

Þegar viðtölin við fjórmeningana voru tekin var stuðst við spurningalista frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns, listanum var þó ekki fylgt nákvæmlega og sumu var sleppt (Þjóðminjasafn Íslands-Þjóðháttasafn, nóvember 2007). Spurningalistinn fylgir með í viðauka. Tilurð þessa spurningalista er sú að í nóvember 2007 auglýsti þjóðháttasafnið í dagblöðum eftir fólki sem var tilbúið að deila reynslu sinni af sumardvöl í sveit. Á næstu mánuðum bárust 80 svör. Þarna er komið dágott safn af upplýsingum, en hafa skal í huga að þessar frásagnir eru ekki endilega þverskurður af reynslu fólks af sveitadvöl, því ætla má að það sé frekar fólk sem hefur jákvæðar sögur að segja sem bregst við og svarar en hinir, sem hafa það ekki, haldi sinni reynslu fyrir sig. Þessi svör er hægt að fá að skoða hjá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins, en ég ákvað að láta þau liggja á milli hluta að þessu sinni.

Spurningum Þjóðháttasafns var fylgt í stórum dráttum, eins og áður segir, en oft og iðulega kom ýmislegt fram sem ekki stóð á blöðunum og fórum við stundum út fyrir efnið, ef svo má segja. Ég hafði sent þeim Atla, Evu og Kára spurningarnar með nokkurra daga fyrirvara og þau höfðu eitthvað velt fyrir sér hverju þú vildu koma á framfæri. Sif, aftur á móti renndi lauslega yfir spurningaskrána rétt áður en viðtalið fór fram. Öll hafa þau lesið viðtölin, eins og þau eru skrifuð upp, og eru sátt við útkomuna. Hljóðupptökurnar voru frekar óskýrar, gæði upptökubúnaðarins voru ekki mikil, enda stóð aldrei til að varðveita upptökurnar.

5.1 Munnleg saga

Hvað er munnleg saga (e. oral history)? Um er að ræða mikilvæga aðferð sem felst í því að afla sögulegar þekkingar með viðtölum við fólk um reynslu þeirra eða þekkingu á þeim atburðum sem verið er að rannsaka hverju sinni. Má þá einu gilda hvort um er að ræða stóratburði sögunnar eða hversdagslíf fólks. Munnleg saga hefur á síðari árum verið viðurkennd sem áhrifarík aðferð innan sagnfræði og er líka mikið notuð í þjóðfræði og mannfræði. Með munnlegri sögu má nálagst efni sem erfitt er að finna annars staðar.

Munnlegar heimildir geta orðið til með margvíslegum hætti. Þær geta t.d. orðið til þegar blaðamaður eða fræðimaður tekur viðtal við einstakling um líf hans eða einhvern tiltekinn atburð sem hann hefur upplifað eða orðið vitni að. Ýmsar upptökur t.d. af fundum eða ráðstefnum geta líka orðið að munnlegum heimildum.

Eins og um er getið hér að framan er oft í munnlegum heimildum að finna atriði sem ekki koma fram í öðrum heimildum, svo sem viðhorf og lífshætti fólks, upplifun einstaklinga og tilfinningar sem ekki finnast í hefðbundnum sögulegum heimildum. Munnlegar heimildir hafa því reynst ómetanlegar þegar kemur að því að skrá sögu ýmissa hópa sem ekki hafa skilið eftir sig mikið af rituðum heimildum eða haft bein áhrif á þær opinberu heimildir sem sagnfræðingar styðjast mest við (Miðstöð munnlegar sögu, e.d.).

Munnleg saga er ekki ný af nálinni. Í aldanna rás hefur fólk fræðst um fortíðina með því að hlýða á talað orð. Munnleg saga hefur það fram yfir margar aðrar aðferðir og sögu-gerðir að hægt er að nálgast söguna út frá einstaklingnum. Hún gefur tækifæri til að rannsaka sögu sem ekki er að finna í öðrum frumheimildum og getur rannsakandinn sjálfur stjórnað eftir hvaða upplýsingum hann leitar og þjóna tilgangi rannsóknarinnar. Því er ekki nauðsynlegt að takmarka rannsóknarefni við rykfallna stafla af skjölum, heldur er hægt að leita upplýsinga með viðtölum við fólk sem hefur reynslu af viðfangsefninu eða þekkir til þess (Birna Björnsdóttir, 2008).

Munnleg saga er þó ekki fullkomin heimild um liðna atburði, heldur segir fólk frá hvernig það man hlutina. Fólk gerir því stundum samanburð sem ósjálfrátt litar söguna, t.d. varðandi tækninýjungar eða breytt viðhorf, nokkuð sem það gerði ekki þegar atburðirnir áttu sér stað, einfaldlega vegna þess að tækninýjungarnar eða viðhorfin þekktust ekki þá. Þetta skiptir miklu máli. Þannig gæti frásögn af sveitavinnu í fortíðinni verið lituð af sveitavinnu í dag varðandi tækninýjungar og viðhorf til vinnu.

5.2 Samantekt á viðtali við Kára

Kári er fæddur 1955 og fór fyrst í sveit 1963, þegar hann var á áttunda ári. Kári var á sama bæ og eldri bróðir hans. Alls var hann í sveit á þessum bæ í sjö sumur. Alla jafna fór hann um leið og skólinn var búinn á vorin og var fram á haust, fékk stundum að vera alveg fram yfir réttir. Þarna var urmull af krökkum á ýmsum aldri, bæði heimabörnum og aðkomubörnum. Störfin sem Kára var ætlað að vinna voru margvísleg og urðu flóknari eftir því sem hann eltist og ábyrgðin jókst líka með aldrinum. Hér lýsir Kári hvað honum var helst falið og gera og hvað honum fannst skemmtilegast. Gefum honum orðið:

Okkur krökkunum voru ætluð ýmis störf sem þó var breytilegt eftir aldri.

Helstu störfin fyrir þau yngri voru að sækja og reka beljurnar, reka óprúttnar

rollur úr túninu og þess háttar. Alltaf gafst einhver tími til leikja og var þá gjarnan leikið með leggi og önnur bein úr búsmala. Meðan á sauðburði stóð var meira að gera svo og meðan heyskapur stóð yfir. Sauðburðurinn fannst mér mjög skemmtilegur tími og er það trúlega vegna þess að nokkur vor var mér treyst til þess að fara í fjárhúsin eldsnemma á morgnana til að skoða hvað hafi gerst um nóttina. Ég fór ásamt bóndanum og voru þetta miklar ánægju-stundir fyrir okkur báða. Oft var einhver þriðji með en þá alltaf einhver fullorðinn. Þessi störf mín veittu mér ákveðið frí frá öðrum störfum og fór það stundum í taugarnar á hinum krökkunum.

Lítið fór fyrir verkaskiptingu milli kynja á bænum hans Kára, heldur skiptust börnin á að vinna hin ýmsu verk, svo sem að sækja kýrnar, vaska upp eftir matinn og hjálpa til í fjósinu. Kári fékk ekki greidd laun fyrr en tvö síðustu sumrin. Það voru ekki há laun, en hann var sáttur við þau. Það kom fyrir að hann ynni eitthvað á veturna með skólanum. Stundum var hægt að fá vinnu við sendlastörf eða eitthvað smávægilegt í búðum.

Í endurminningunni finnst Kára dvölin í sveitinni hafa verið góð. Það kom fyrir að honum leiddist og hann reyndi einhvern tíma að strjúka. Samskiptin við aðra á bænum, börn og fullorðna, voru góð þó einstaka sinnum kastaðist í kekki, en það leystist alltaf farsælega. Hann hélt tengslum við ábúendur eftir að dvölinni lauk.

Það er skoðun Kára að á nútímamælikvarða hafi vinnuálagið stundum verið mikið, en hann líti alls ekki á það sem nokkurs konar barnaprælkun, enda gekk hann oftast nær sáttur til verka. Aðspurður um þetta segir hann:

Það sem við krakkarnir gerðum dagleg kallaði ekki á mikið líkamlegt erfiði, a.m.k. ekki meðan við vorum lítil, en erfiðið jókst þó eftir því sem við urðum eldri. Aldrei leit ég á þetta sem þrælkun en öllum mátti ljóst vera að okkur var ætlað að vinna, við vorum ekki í fríi og litið var svo á að við værum matvinnungar. Eflaust hef ég einhvern tíma hugsað að það væri verið að þræla okkur út en fullyrði þó að sú vinna sem við unnum hafi ekki haft slæm áhrif á okkur.

Sú staðreynd að langflestir sem voru í sveit á þessum bæ komu sumar eftir sumar, telur Kári tala sínu máli. Iðulega fór hann í heimsóknir á aðra bæi þar sem líka voru

sumardvalarbörn en aldrei varð hann var við, eða heyrði um neitt misjafnt varandi dvöl þeirra. Kári segir að hann myndi ekki hika við að senda sín eigin börn í sveit, stæði þeim það til boða.

5.3 Samantekt á viðtali við Sif

Sif er fædd 1963 og var eitt sumar í sveit, sumarið 1975. Dvölin hófst í byrjun júní og lauk í ágúst, fyrr en áætlað var því henni leið ekki vel þarna, hefði frekar viljað vera heima. Sif var eini aðkomukrakkinn á þessum bæ, hjónin áttu sjálf nokkur börn, bæði yngri og eldri en hún. Þarna var tvíbýli og á hinum bænum voru nokkur sumardvalarbörn. Frænka hennar, hún Eva, var eitt þeirra.

Vinnuálagið var mikið og vinnudagurinn var alla jafna 13 klukkustundir. Sif fór í fjós kvölds og morgna og sá nánast alfarið ein um uppvaskeftir allar máltíðir. Verkaskipting milli kynja var nokkuð skýr. Strákarnir komu ekki nálægt heimilisstörfum, unnu bara útistörf, sem hún gerði reyndar líka. Um vinnuálagið hefur Sif þetta að segja m.a.:

Vinnudagurinn var langur, ég fór í fjós kl. 7 og var að þangað til búið var að ganga frá eftir kvöldmat, um kl. 8 á kvöldin. Vinnudagurinn var alla jafna þrettán klukkutímar. Yfirleitt var ég svo þreytt að ég drakk ekki kvöldkaffi með fólkinu, ég var farin að sofa. Ég bjóst nú eiginlega við því að ég ætti meira frí en raunin var, þetta var talsvert mikil vinna fyrir 12 ára gamalt barn. Ég var yfirleitt í fríi á sunnudögum, fékk þá að sofa lengur, nema ef heyskapur kallaði. Ég vann mun meira en frænka mín sem var á hinum bænum. Ég minnst þess ekki að krakkarnir sem áttu heima þarna ynnu svona mikið. Það voru nokkrir strákagopar og ein stelpa um tvítugt, en hún var mjög sjaldan heima, ég var yfirleitt eina stelpa á heimilinu. Svona eftir á að hyggja má alveg segja að mér hafi verið ofboðið með vinnuálagi. Sem dæmi má nefna að í fjósinu bar ég þungar mjólkurfötur og þurfti svo að hella úr þeim í mjólkurtankinn, þetta voru þungar járnfötur, sem tóku a.m.k. 25 lítra af mjólk.

Til að byrja með leið Sif ekki illa en það breyttist fljótlega. Ástæðuna telur hún fyrst og fremst þetta mikla vinnuálag og kuldalegt og hryssingslegt viðmót húsmóðurinnar, eða eins og hún orðar það: „Það er alveg óhætt að segja að hún hafi verið óttalegt skass“. Sif hafði að sjálfsögðu gert ráð fyrir að þurfa að vinna eitthvað, en ekki svona mikið og svona

erfiða vinnu, eins og t.d. að bera niðþungar mjólkurfötur eins og hún lýsir í viðtalinu. Samkomulag Sifjar við heimakrakkana var gott og fannst henni notalegt að vita af Evu í næsta húsi.

Aðspurð hvort húsbóndinn hafi ekkert haft um málið að segja, svarar Sif: „Ég veit ekki til þess að hann hafi gert athugasemdir við framkomu konu sinnar við mig, en ég veit að húsmóðirin á hinum bænum gerði athugasemdir við hvað ég væri látin vinna mikið og taka mikla ábyrgð“.

Laun Sifjar voru engin eftir þessa miklu vinnu, hún var aðeins matvinnugur. Reynsla hennar af þessari sveitadvöl var ekki ánægjuleg. Aldrei myndi Sif senda sín börn í sveit til vandalausra nema að mjög vel athuguðu máli, ef þau sæktu það fast. Hún telur sig í raun fyrst og fremst hafa verið óheppna með dvalarstað, því hún þekkir fullt af fólki sem fór í sveit ár eftir ár og leið mjög vel.

5.4 Samantekt á viðtali við Evu

Eva er fædd 1962 og fór fyrst í sveit til ömmu sinnar og afa sem barn, en dvaldi reyndar aldrei hjá þeim heilt sumar. Sumarið 1975 þegar, Eva var 13 ára, fór hún á annan bæ og dvaldi þar frá því skóla lauk og fram í september, þetta endurtók hún sumarið eftir. Þegar þarna var komið sögu var orðið erfitt að komast að í sveit, foreldrum hennar tókst að koma henni á þennan bæ í gegnum kunningsskap, það viðhorf að það væri gott fyrir krakka að komst í sveit var enn við lýði.

Á bænum þar sem Eva dvaldi var alltaf eitthvað af aukakrökkum, bæði barnabörn hjónanna og óskyld, eins og hún. Sumarkrakkarnir voru á aldur við hana og voru af höfuðborgarsvæðinu. Á þessum bæ var algengt að sumarkrakkarnir kæmu ár eftir ár og yfirleitt dvöldu þau allt sumarið.

Kynjaskipting starfa var mjög skýr á þessum bæ. Sem dæmi má nefna að Eva gekk frá í eldhúsinu á meðan strákarirnir fóru og lögðu sig. Oft fór hún í útistörfin en strákarirnir aldrei í innistörfin, það voru alveg hreinar línur. Enn þann dag í dag er Evu minnisstætt eitt atvik þar sem henni sem stelpu fannst sér misboðið. Gefum henni orðið:

Ég upplifði mína fyrstu femínísku stund í sveitinni. Ég ætlaði að fara í bað, var búin að láta renna í bað fyrir mig þá tilkynnti einn strákurinn að hann vildi fara

Í bað og húsmóðirin sagði mér að bíða og leyfa honum að fara á undan. Ég varð algjörlega brjáluð, ég man enn þann dag í dag hvað ég varð reið. Húsmóðirin tók mig afsíðis til að reyna að róa mig, en ég hélt langan fyrirlestur um hvað þetta væri ósanngjarnt. Ég man nú reyndar ekki hvort hann fór í baðið eða ég, en ég talaði alla vega ekki við hann í langan tíma.

Eva segir að eflaust þætti vinnudagurinn langur og vinnuálagið mikið í dag, en henni fannst það ekki þá. Hún tók bara þátt í því sem þurfi að gera og fannst það eiginlega bara skemmtilegt. „Sú hugsun að við mættum ekki vinna nema einhvern tiltekinn tíma var ekki komin í kollinn á okkur“, segir hún. Eva var greinilega ekki eingöngu álitinn matvinnungur, því eftir sumarið fékk hún greidd laun, sem hún hafði ekki reiknað með. Auk þess var hún send heim með kartöflur og eitt og annað matarkyns.

Eva þótti dvölin í sveitinni mjög lærdómsrík og er sannfærð um að hún hafi gert henni mjög gott og er þakklát fyrir að hafa fengið þessa lífsreynslu. Ef syni Evu hefði staðið svona dvöl til boða hefði hún hiklaust sent hann. Eva er þeirrar skoðunar að krakkar í dag hefðu gott af sveitadvöl, því þau séu mörg hver ósjálfstæð, ósjálfbjarga og kunni ekki til einföldustu verka. Eitt af mörgu sem Eva lærði í sveitinni er að fólk getur oft stjórnað því sjálft hvernig mál æxlast. Um þetta atriði segir hún:

Fyrsti morguninn er mér mjög minnisstæður. Þegar ég vaknaði voru litlar pöddur út um allt, á borði við hliðina á rúminu mínu og á koddanum. Ég hálf flaug fram úr rúminu og hugsaði „á ég að öskra“. En svo hugsaði ég „nei, þú ert ein hérna á nýjum stað, þú getur ekki farið að öskra“. Svo ég bara drap pöddurnar og sá þær aldrei aftur og málið var dautt. Ég lærði þarna að maður hefur alltaf tvo kosti, þú getur vælt og veinað eða gert eitthvað í málunum, sem hefur reynst betur.

Eva finnst hún hafa lent á góðum stað, því hún veit að til er fólk sem hefur aðra sögu að segja. Þegar pöddurnar fyrsta morguninn voru afgreiddar var bara um það að ræða að vera ánægð eða óánægð og hún tók ákvörðun um að vera ánægð. Eva fann einstaka sinnnum fyrir heimþrá, sem varði ekki lengi. „Mér líkaði dvölin mjög vel, en það sama verður ekki sagt um Sif frænku mína sem var á hinum bænum.“, segir Eva.

5.5 Samantekt á viðtali við Atla

Atli er fæddur 1965 og man satt best að segja ekki hvenær hann fór að venja komur sínar á bæinn þar sem hann var í sveit þar til hann var á 15. ári. Hann hefur verið 7-8 ára þegar

hann fór að gista nótt og nótt en var 10-11 ára þegar hann dvaldi í fyrsta skipti heilt sumar. Bærinn sem Atli var á var aðeins nokkra kílómetra frá heimili hans, svo það var ekki ýkja snúið að komast á milli. Á þessum bæ voru alla jafna mörg börn í sumardvöl, skyld og óskyld hjónunum á bænum. Um vinnuframlagið hefur Atli þetta að segja:

Vinnuframlagið var ekki svo flókið, eiginlega tók maður bara þátt í öllu sem þurfti að gera. Vaknaði á morgnanna og sótti kýrnar, fór í fjós og tók þátt í því sem þurfti að gera þar. Tók þátt í matseld, uppvaski, þrifum og svo framvegis. Ég man ekki eftir neinum sérstökum stelpu- eða strákastörfum. Svo þegar kom að heyskap tókum við þátt í honum eftir getu. Þegar ég var 12 eða 13 ára var ég settur upp á traktor, ég gerði bara það sem þurfti að gera. Ég tók reyndar mikinn þátt í garðyrkjustörfum með húsmóðurinni. Hún átti mjög fallegan garð. Þessi vinna var ekki beint tengd búskapnum, þetta var áhugamál hjá henni og ég hjálpaði henni oft, því mér fannst það gaman. Hún kenndi mér að þekkja nöfn á ýmsum blómum bæði ræktuðum og villtum og m.a. muninn á ýmsum stráum.

Vinnudagurinn var oft langur, eins og tíðkaðist í sveitinni á sumrin. Dagurinn byrjaði á því að sækja kýrnar og fara í fjósið, önnur vinna fór eftir þörfum hverju sinni, eins og áður segir. Ekki þótti tiltökumál þó unnið væri langt fram á nótt t.d. ef bjarga þurfti heyjum í hús, fólk hvíldi sig bara seinna. Aðspurður hvort honum hafi þótt vinnuálagið mikið svarar hann: „Ég spáði eiginlega aldrei í hvort ég ynni mikið eða lítið og það hvarflaði ekki að mér eina einustu sekúndu að mér væri á einhvern hátt misboðið með vinnuálagi og mér finnst það ekki enn þann dag í dag. Þetta var eitthvað svo sjálfsagt mál, það unnu allir mikið, bæði börn og fullorðnir“.

Til að byrja með var Atli matvinnungur, en þegar hann varð eldri var einhverju smálegu gaukað að honum, það var aldrei samið um nein sérstök laun. Eins fékk hann að velja sér lömb. Atli minnst þess ekki að sér hafi nokkurn tíma liðið illa í sveitinni, „það var vel hugsað um alla og viðhorfið til okkar var alltaf jákvætt“, segir hann. Enn fremur segir Atli:

Svona eftir á að hyggja var dvölin þarna mjög stór partur af uppeldi mínu. Ég man ekki eftir að við höfum verið skömmuð eða beitt refsingum eða komið fram við okkur sumarkrakkana á annan hátt en heimakrakkana, það voru allir vinir. Ég er alveg ótrúlega þakklátur fyrir að hafa fengið að upplifa þessa sveitadvöl. Ég lærði það m.a. að það er sjálfsagt að vinna, kannski má kalla það

vinnusiðgæði. Mér finnst ég oft upplifa það að krakkar og unglingar í dag eigi ofboðslega bággt ef þau þurfa að gera eitthvað, viðhorf þeirra til vinnu er allt annað en minnar kynslóðar, svona almennt séð. Það síðasta sem mér dytti í hug væri að kalla þetta barnaþrælkun og er sannfærður um að þessi dvöl hafi bara gert mér gott, þótt stundum hafi ég verið að frá 7 á morgnanna og langt fram á kvöld. Ef ég ætti börn myndi ég ekki hika við að leyfa þeim að upplifa það sama og ég gerði, stæði það til boða.

5.6 Hvað er líkt og hvað er ólíkt?

Upplifun Kára, Atla og Evu af sveitardvölinni er jákvæð en Sif var ekki sátt, en þó ekki svo að hún hafi beðið einhvern skaða af dvölinni. Öll eiga þau það sameignlegt að hafa verið í sveit hjá vandalausum, en þó ekki algjörlega ókunnugu fólki. Atli var í sveit á bæ sem var rétt hjá heimili hans, það tók u.þ.b. fimm mínútur að fara á milli. Sif fór ekki heldur um langan veg í sína sveitadvöl og kom stundum heim dagpart. Kári og Eva eru fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu og fóru ekki heim fyrr en að hausti. Á öllum bæjunum var kúabúskapur og tóku börnin virkan þátt í bústörfunum og öll tóku þau þátt í heimilisstörfum, mismikið þó. Þau dvöldu á bæjum þar sem húsakostur var góður og fengu alltaf nóg að borða.

Þau voru öll sammála um að þau hafi lært mikið af dvöl sinni í sveitinni, ekki síst það sem kalla mætti vinnusiðferði. Þau gerðu það sem gera þurfti möglunarlaust og án þess að reyna að koma sér hjá því. Þeim finnst það viðhorf of algengt hjá ungu fólki nú til dags að einblína á hvað það geti komist hjá að gera, í stað þess hvað það getur gert, ekki síst á heimilum. Þarna vísa þau til reynslu sinnar af eigin börnum, vinum þeirra og unglingum sem hafa verið á vinnustöðum þeirra í sumarvinnu.

Þau eru öll þeirrar skoðunar að bændur hafi ekki síður en börnin notið góðs af því fyrirkomulagi, að senda börn til sveitadvalar. Börnin fengu eitthvað við að vera og bændurnir fengu ódýran vinnukraft til starfa þegar annir voru mestar. Ekkert þeirra þekkir til svokallaðra leikskóla í sveitum sem spurt er um í spurningalistanum.

Það var áhugavert að hlýða á frásagnir Kára, Sifjar, Evu og Atla af reynslu sinni af því að vinna í sveit sem börn og unglingar. Aðeins Sif hafði undan einhverju að kvarta en hin

þrjú voru ánægð og urðu stundum dreymin á svipinn þegar þau rifjuðu þessa dvöl sína upp og þótti ekki tiltökumál þá vinnuálagið á þeim væri stundum mikið.

Það er athyglisvert að strákarnir upplifðu ekki „kynjaslagsíðu“ í sínum störfum, en það gerðu stelpurnar aftur á móti báðar. Bærinn þar sem Atli dvaldi var eini bærinn þar sem um það var að ræða að líta eftir yngri börnum og það kom í hlut hans alveg jafnt og stelpnanna sem þar dvöldu. Bæði Sif og Eva voru á bæjum þar sem innanhússverkin voru eingöngu ætluð kvenkyninu. Meira að segja þurfti Eva að búa um rúm strákanna og þeir máttu hvíla sig eftir matinn meðan hún gekk frá í eldhúsinu, en þær tóku báðar þátt í útiverkum. Þetta rímar ágætlega við gamalkunnugt stef um hefðbundna verkaskiptingu kynjanna, sem samt sem áður er orðið dálítið falskt, ef álykta má út frá reynslu þeirra fjögurra. Það má vissulega velta því fyrir sér hvort það skipti máli í þessu samhengi að Eva og Sif voru einu stelpurnar á sínum bæjum en þar sem Atli og Kári dvöldu var mörg börn að báðum kynjum.

Það er líka áhugavert að velta fyrir sér af hverju þau Atli, Kári, Eva og Sif fóru eða voru send í sveit. Kári fór fyrst og fremst vegna þess að þetta var venja, foreldrar hans voru þeirrar skoðunar að þetta væri gott fyrir hann, svo e.t.v. hefur eimt örlítið eftir af „sveitin betri en gata“ kenningum. Eins og fram hefur komið var bróðir Kára í sveit á sama bæ og hann. Þeir eiga þrjár systur en engin þeirra fór nokkru sinni í sveit. Það rímar ágætlega við það að fleiri strákar en stelpur fóru í sveit og kemur þetta heim og saman við niðurstöður könnunarinnar frá 1962 (Ólöf Garðarsdóttir, 2009, bls. 180-181), sem talað er um á bls. 25 í þessari ritgerð.

Eva fór til að komast burt í rólegt og notalegt andrúmsloft, eða eins og hún orðar það sjálf: „Dvölin var að frumkvæði foreldra minna, ætli ástæðan hafi ekki bara verið að hvíla mig á heimilislífinu og fá jafnvægi í lífið“. Atli fór kannski pínulítið „óvart“, alla vega til að byrja með, ástæðan var fyrst og fremst áhugi hans á dýrum og svo æxlaðist það bara þannig að hann fór aftur og aftur. Sif sóttist sjálf eftir að komast í sveit, fannst það spennandi, en varð svo fyrir vonbrigðum. Svo segja má að ástæðurnar séu eins misjafnar og þær eru margar.

Að lokum

Svo virðist að með lengingu skólaársins og hertum reglum um vinnu barna og unglunga hafi dregið verulega úr vinnu þeirra. Ekki skiptir minna máli sú viðhorfsbreyting gagnvart börnum sem átti sér stað í Þjóðfélaginu þegar leið á 20. öld og fram á þá 21. Sú almenna skoðun, sem lengi ríkti meðal íslenskra foreldra, að nauðsynlegt sé að kenna börnum frá blautu barnsbeini hvað vinnan sé mikilvæg til að verða nýtur þjóðfélagsþegn, hafi smátt og smátt dáið út. Þetta má þó ekki skilja sem svo að foreldrar nú til dags séu almennt þeirrar skoðunar að iðjuleysi sé af hinu góða, heldur er það ekki lengur lífspursmál að börnin og unglingar hafi vinnu allan þann tíma sem sumarleyfi frá skólanum stendur. Sá siður að senda þéttbýlisbörn í sveit á sumrin dó líka að mestu út á síðustu áratugum 20. aldar. Gera má því skóna að með nýjum kynslóðum hafi augu manna opnast fyrir því að vel megi ala börn sómasamlega upp í þéttbýli.

En þó skólaárið hafi lengst smám saman á síðari hluta 20. aldar var samt, og er reyndar enn, talið nauðsynlegt að finna unglingum eitthvað við að vera í sumarfríinu og eru vinnuskólar sem reknir eru um allt land lýsandi dæmi þess. Það er nokkuð ljóst að með aukinni tæknivæðingu í landbúnaði minnkaði þörfin fyrir starfskrafta barna og unglunga í sveitum landsins, auk þess sem hætta gat stafað af þessum tækjum og tólum. Þetta gat orðið til þess að börnin þvælist frekar fyrir en að gagn væri að þeim. Þetta á líka við störf í ýmiskonar iðnaði, svo sem fiskiðnaði.

Ekki er ólíklegt að gera ráð fyrir því að eðlilegt verði talið áfram að unglingar hafi eitthvað við að vera sem kallast getur vinna, í það minnsta meðan sumarfrí frá skóla er enn þá lengra en sumarfrí á almennum vinnumarkaði. Þetta þýðir með öðrum orðum að sumarfrí foreldranna er alla jafna mun styttra en sumarfrí unglunganna og til verður tími sem þarf að drepa.

Líklega verður það enn um stundir svo að meirihluti unglunganna verða starfsmenn vinnuskóla síns sveitarfélags. Unglingar í endurskinsvestum, rótandi í blómabeðum, ýtandi á undan sér sláttuvélum eða með hrífu í hönd verða vafalaust hluti af sviðsmyndinni á sumrin um ókomin ár.

Heimildir

- Barnaverndarlög nr. 80/2002. af <http://www.althingi.is/lagas/136b/2002080.html>
- Birna Björnsdóttir. (2008). *Munnleg saga – áhugaverð leið til að læra sögu*. Sótt 03.mai 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/004/index.htm>
- Borgarskjalasafn Reykjavíkur. (2005). Vinnuskóli Reykjavíkur, skjalaskrá. Sótt 23.apríl 2012 af <http://www.borgarskjalasafn.is/Portaldata/21/Resources/borgarskjalasafn/skjalaskra/borgin/VinnuskoliReykjavikur.pdf>
- Eggert Þór Bernharðsson. (1998). *Saga Reykjavíkur: borgin: 1940-1990*: Reykjavík: Iðunn.
- Guðmundur Hálfðanarson. (1986). Börn, höfuðstóll fátæklingsins? *Saga*, 24, 121-146.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1993). Fólksfjöldi- og byggðáþróun 1880-1990. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (Ritstj.), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (bls. 75-111). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2002). *Ísland á 20. öld*: Reykjavík: Sögufélag.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008a). Fræðslulögin í framkvæmd. Í Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, síðara bindi, skóli fyrir alla 1946-2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008b). Skólakerfi í mótun 1946-1965. Í Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, síðara bindi, skóli fyrir alla 1946-2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2008a). Fjöldi nemenda og fjármagn. Í Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, síðara bindi, skóli fyrir alla 1946-2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2008b). Grunnskóli verður til. Í Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, síðara bindi, skóli fyrir alla 1946-2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jónas B. Jónsson. (1961). Tómsundur og tómsundaiðja íslenzkra ungmenna. Erindi flutt á 18. norræna kennarabinginu í Khöfn 1961. *Menntamáll*, 34(3), 237-244.
- Kristinn Gíslason. (1945). Sumardvöl barna í sveitum. *Foreldrablaðið*, 9(1), 10-13.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Heimili og skóli. Í Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, fyrra bindi, skólahald í bæ og sveit*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Sundurleit skólaskipan 1907-1945. Í Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, fyrra bindi, skólahald í bæ og sveit*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum /1980. Sótt 27.apríl 2012 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html>
- Lögræðislög /1997. Sótt 27.apríl 2012 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997071.html>

- Miðstöð munnlegar sögu. (e.d.). *Hvað er munnleg saga?* Sótt 29.apríl 2012 af <http://munnlegsaga.is/index.php?page=hvad-er-munnleg-saga>
- Ólöf Daðey Pétursdóttir. (2011). *There are no Sundays on the farm: A study on the Icelandic tradition of sending children to farms during the summer (Það eru engir sunnudagar í sveitinni: Íslensk æska send í sveit)*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt 27.mars 2012 af <http://skemman.is/handle/1946/8062>
- Ólöf Garðarsdóttir. (1997). Working Children in Urban Iceland 1930-1990. Ideology of Work, Work-Schools and Gender Relations in Modern Iceland. Í N. d. Coninck-Smith, Bengd Sandin og Ellen Schrumpf (Ritstj.), *Industrious Children, Work and Childhood in the Nordic Countries 1850-1990* (bls. 160-185). Odense: Odense University Press.
- Ólöf Garðarsdóttir. (1998). Kyn og saga - barn og saga: Kynferði og mikilvægi vinnunnar í heimi reykviskra barna og unglinga 1950-1990. Í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Ritstj.), *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997, ráðstefnurit II* (bls. 240-251). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2009). Working and going to school: childhood experiences in post-war Reykjavík. *Barn.*, 3-4(3-4), 73-185.
- Rauði kross Íslands. (2012). *Börn og umhverfi*. Sótt 29.apríl 2012 af http://redcross.is/page/rki_frettir&detail=3114
- Reglugerð um vinnu barna og unglinga /1999*. Sótt 27.apríl 2012 af <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/426-1999>
- Sandin, B., Schrumpf, E. og Coninck-Smith, N. d. (1997). Introduction. Í N. d. Coninck-Smith, B. Sandin og E. Schrumpf (Ritstj.), *Industrious children: work and childhood in the Nordic countries 1850-1990*. Odense: Odense Universitetsforlag.
- Sigríður Ingvarsdóttir. (1992). Ný lög um vernd barna og ungmenna. *Tímarit lögfræðinga*, 42(4), 248-256.
- X (Valgarður Ó. Breiðfjörð ritstjóri). (1892). Götulýðurinn og mæðurnar. *Reykvíkingur*, 2(4), 14-15.
- Þjóðminjasafn Íslands-Þjóðháttasafn. (Nóvember 2007). *Sumardvöl barna í sveit - spurningaskrá 109*. Sótt 28.mars 2012 af <http://www.thjodminjasafn.is/leit?SearchFor=%C3%BEj%C3%B3%C3%B0h%C3%A1ttasafn>

6 Viðauki

6.1 Spurningar Þjóðháttasafns

Hér eru einungis þær spurningar sem eru í spurningarskránni, forsíðu og leiðbeiningum er sleppt (Þjóðminjasafn Íslands-Þjóðháttasafn, nóvember 2007).

Send í sveit

Á hvaða árum varst þú í sveit á sumrin? Hve gamall/gömul varstu? Hvert fórst þú og hve oft? Varstu hjá venslafólki eða vandalausum?

Hve lengi var dvöl þín í hvert skipti (t.d. nokkrar vikur, allt sumarið)?

Segðu frá undirbúningi, brottför og kveðjum. Hafðir þú farið áður að heiman?

Lýstu fyrsta ferðalagi þínu í sveitina. Hve langan tíma tók það? Var farið í rútu eða einkabíl? Fórstu einn/ein eða var hugsanlega einhver með þér? Hver? Hvað geturðu sagt um eftirvæntingu, kvíða eða söknuð?

Ástæður sumardvalar

Af hverju varst þú sendur/send í sveit? Sóttist þú eftir því eða var það að frumkvæði foreldra þinna? Hefðir þú frekar viljað vera í þéttbýlinu? Hvers vegna?

Er þér kunnugt um hvers vegna önnur börn eða unglingar voru send í sveit? Lágu hugsanlega efnahagslegar ástæður að baki, t.d. að létta á heimilinu eða að vinna fyrir sér?

Var einhverjum vandkvæðum bundið að komast í sveit á sumrin? Hvaða máli skipti skyldleiki eða kunningskapur í þessu sambandi?

Sóttust bændur eftir sumarbörnum? Hvers vegna?

Kannast þú við að til væru neikvæð viðhorf gagnvart kaupstaðarlífi en að sama skapi jákvæð gagnvart sveitalífi og að það hefði áhrif á hvort börn færu í sveit? Nefndu dæmi.

Hvaða börn

Er þér kunnugt um frá hvers konar heimilum börnin komu? Voru börn send í sveit á vegum stofnana og hjálparsamtaka eins og t.d. Mæðrastyrksnefndar? Hversu algengt var þetta?

Voru einhverjir sem sáu um að skipuleggja slíka sumardvöl? Hverjir? Hvað með ráðningarábjonustur eða auglýsingar?

Á hvaða aldri telur þú að sumardvalarbörn hafi yfirleitt verið?

Hvar og hvenær

Frá hvaða þéttbýlisstöðum voru börnin einkum? Í hvaða sýslur eða landshluta fóru þau helst?

Á hvaða árum telur þú að byrjað hafi verið að senda börn í sveit? Hversu algengt var þetta, einnig á síðari árum til dagsins í dag?

Hve algengt var að börn væru fleira en eitt sumar á sama bæ? Var skipt um bæi og ef svo var hvers vegna?

Hvað réði því hve lengi og hve oft börn fóru í sveit? Kom fyrir að dvölin væri stytta sökum vanlíðunar eða af öðrum ástæðum?

Vinnuframlag

Hvaða störf varstu látinn vinna? Voru sum störf aðeins ætluð stelpum og önnur stráku? Hvaða?

Hve langur var vinnudagurinn, hvenær hófst hann og hvenær lauk honum?

Leist þú hugsanlega fremur á sumardvölinu sem frí en vinnu? Hvað fannst þér þá um að þurfa að vinna?

Var greitt fyrir dvöl þína eða var litið svo á að þú ynnir fyrir þér?

Voru þér greidd einhver laun? Hve mikil og hvernig (með einhverju öðru en peningum t.d. lambi)? Tók kaupid mið af aldri eða hækkaði eftir ákveðinn tíma? Hvernig nýttirðu kaupid?

Hvenær fóru börn almennt að vinna í þínu ungdæmi? Var einhver munur á kaupstaðarbörnum og sveitabörnum hvað þetta snerti svo þér sé kunnugt um?

Var börnum misboðið með of miklu vinnuálagi svo þér sé kunnugt um? Nefndu dæmi.

Á hvaða stigi voru búskaparhættir meðan á dvöl þinni stóð? Var t.d. notað orf og ljár við heyskapinn eða hestar? Hvað með tæknivæðingu og vélakost?

Frístundir

Fékkst þú eða önnur aðkomubörn að sofa lengur á morgnana en fullorðna fólkið? En heimabörnin? Klukkan hvað fórst þú að sofa og hvenær á fætur?

Hvernig varðir þú frítíma þínum og hve mikill var hann? Hvaða úti- og innileiki var farið í. Kom fyrir að fullorðnir tækju þátt? Hvar voru helstu leiksvæðin?

Hverjir voru helstu leikfélagar þínir? Var leikið sér við húsdýr, t.d. hunda?

Hvað geturðu sagt um útreiðartúra eða aðrar skemmtiferðir? Var t.d. farið í heimsókn á aðra bæi? Hverjir fengu að koma með?

Var haldið upp afmæli sumarbarna? Hvernig? Hverjum var boðið?

Hvaða bækur, blöð eða tímarit voru til á bænum? Nefndu dæmi. Gafst þér eða öðrum börnum tækifæri til að lesa og hvenær?

Voru kenndar þulur, kvæði og sagðar sögur? Hvaða? Hver sagði frá/kenndi og við hvaða tækifæri?

Aðbúnaður og hreinlæti

Hvernig var húsnæðið í sveitinni (gott, slæmt, steinhús, timburhús, torfbær)? Lýsið húsakynnum í stórum dráttum.

Varst þú í einn í herbergi eða með öðrum? Hverjum?

Sváfu fleiri en einn í hverju rúmi? Hverjir og hve margir? Var það algengt? Þekktist að strákar og stelpur svæfu í sama rúmi?

Hvenær voru matar- og kaffitímar og hve langir? Hvað var helst á boðstólum? Nefnið gjarnan einhverja rétti eða kaffibrauð ef unnt er. Hjálpaðir þú eða önnur börn til við matargerðina eða frágang á eftir?

Segðu frá klæðnaði sem þú notaðir í sveitinni, einnig fóta- og höfuðbúnaði. Var hann e.t.v. að einhverju leyti frábrugðinn þeim fötum sem þú notaðir í þéttbýlinu?

Þurftir þú að fata þig upp að einhverju leyti áður en þú fórst í sumardvölinu eða var það hugsanlega gert eftir á?

Var rennandi vatn, rafmagn, hiti eða ljósamótor þann tíma sem þú varst í sveit?

Hve oft var skipt um á rúmum meðan á dvölinni stóð? En nærföt og ytri föt? Hversu oft í mánuði voru þrifin gólf og lagað til?

Var aðstaða til að fara í bað? Hvernig og hve oft var það gert? Ef ekki var aðstaða til að fara í bað hve reglulega gastu þvegið þér um allan líkamann? Hve oft þvoðu menn sér um andlit og hendur?

Hvernig var salernisaðstöðu háttað? Hvað fannst þér um að nota kamar, ef hann var fyrir hendi? Kynntist þú því að notuð væru dagblöð í stað salernispappírs?

Samskipti og viðhorf

Hvernig var að koma í fyrsta skipti í sumardvöl? Var vel tekið á móti þér? Hvernig? Fannstu mikið/lítið fyrir eiðraðleysi, óyndi eða heimþrá?

Hvernig líkaði þér dvölin?

Hvernig kom aðkomubörnum saman við heimilisfólkið? Nefnið bæði jákvæða og neikvæða þætti. Mynduðust hugsanlega sterk tengsl sem héldust eftir að sumardvöl lauk, í mörg ár eða jafnvel allt lífið? Hvernig lýstu þessi tengsl sér?

Við hverja hafðir þú mest samskipti meðan á dvölinni stóð? Tilgreinið gjarnan bæði börn og fullorðna. Í hverju voru þau samskipti aðallega fólgin?

Kom fjölskylda þín í heimsókn meðan á dvöl þinni stóð? Hve löng var heimsóknin?

Fékkst þú eða önnur sumarbörn sendingar eða pakka að heiman? Hve oft og um hvað var einkum að ræða?

Ef fjölskylda þín átti ættingja í sveit í hverju voru samskipti við hana aðallega fólgin og hve mikil?

Kannast þú við að sumarbörn hafi verið beitt áminningum eða refsingum af einhverju tagi? Geturðu nefnt dæmi? Við hvaða aðstæður var það gert og af hverjum?

Varðst þú eða einhver sem þú þekktir beitt(ur) harðræði eða jafnvel ofbeldi? Í hverju var það fólgið og við hvaða aðstæður?

Hvað með stríðni eða áreitni, hverju nafni sem það nefnist?

„Leikskólar“ á sveitabæjum

Á sumum sveitaheimilum voru reknir eins konar „leikskólar“ á sumrin. Hefur þú reynslu af að hafa verið í slíkum „skóla“ eða einhver sem þú þekkir? Ef svo er, greindu frá þeirri starfsemi sem þar fór fram og hvað einkum var boðið upp á. Hversu mikið fengu börnin að vera innan um skepnur og búskapinn? Hve löng var dvölin?

Hvar og hvenær voru slíkir „leikskólar“ starfræktir? Unnu einhverjir aðrir þar en fjölskylda bóndans? Hverjir? Var eitthvað eftirlit með þessari starfsemi?

Hvernig líkaði þér vistin? Teljið gjarnan upp bæði jákvæða og neikvæða þætti.

Hver heldur þú að hafi verið aðalástæða þess að foreldrar kusu að senda börn sín í „leikskóla“ í sveit? Var einhver munur á frá hvaða þéttbýlisstöðum þessi börn og önnur sumardvalarbörn komu?

Voru börn send í „leikskóla“ í sveit á vegum stofnana eða hjálparsamtaka eins og t.d. Mæðrastyrksnefndar? Hversu algengt var þetta?

Hvernig komst á samband við bændur eða rekstraraðila „leikskólanna“? Hvaða skipulag var á flutningum barna úr þéttbýli í sveit?

Þekkirðu einhver dæmi um að sveitaskólar hafi verið leigðir undir „leikskóla“ eða sumarþúðir. Segðu frá þeirri starfsemi sem þarna fór fram. Í hvaða mæli gafst börnunum kostur á að kynnast sveitalífinu? Hve löng var dvölin?

Hverjir stóðu fyrir slíkum rekstri skólahúsa að sumarlagi (bændur, sveitarfélög t.d.)? Hvaða menntun hafði starfsfólkið og hvaðan kom það? Telur þú að það hafi verið eitthvað eftirlit með þessari starfsemi? Á hvaða stöðum og tímabili var starfsemi sem þessi í gangi?

6.2 Viðtal við Kára

Ég er fæddur 1955 og fór fyrst í sveit þegar ég var á áttunda ári hjá skyldfólki mínu, sem þó var ekki náskýlt og kynni mín af því voru engin bein. Bróðir minn hafði verið þarna í sveit og því vissi ég að einhverju leyti að hverju ég gekk. Ég átti eftir að vera í sveit þarna í sjö sumur þannig að varla hefur dvölin verið mikil kvöl. Á bænum bjuggu þrjú systkin bóndinn og tvær systur hans, en önnur þeirra átti þrjú börn á líkum aldri og ég.

Oftast fór ég í rútu en fyrir kom að pabbi keyrði okkur bræður. Ferðin tók 3-4 tíma og alltaf var farið strax eftir að skóla lauk á vorin og ekki farið heim að hausti fyrr en skólinn hófst á ný eða jafnvel ekki fyrr en eftir réttir. Ég held að það hafi verið auðsótt til skólans að fá frí fram yfir réttir. Oftast var nokkur tilhlökkun að fara í sveitina og erfitt að bíða eftir því að skólinn kláraðist. Þó ef til vill hafi verið erfitt að skilja við foreldrana fyrst vandist það. Nokkur fyrstu skiptin sem ég fór í sveitina var eldri bróðir minn líka að fara þangað, þannig að sem barn fór ég aldrei einn. Ekki man ég sérstaklega eftir fyrstu ferðinni en hún hefur trúlega verið í rútu og þar af leiðandi löng og leiðinleg. Ég kveið því aldrei að fara í sveitina en fyrir kom að mér leiddist að vera þar en þó aldrei mjög alvarlega.

Ekki veit ég af hverju við vorum sendir í sveit, nema ef vera skyldi að líklegra þætti að við gætum haft eitthvað fyrir stafni þar en í Reykjavík. Þó oft hafi verið þröngt um peninga hjá foreldrum mínum sé ég ekki að sveitardvöl okkar bræðra hafi breytt miklu þar um. Hvort ég hefði heldur viljað vera heima hef ég svo sem ekki leitt hugann mikið að. Stundum hef ég kannski maldað eitthvað í móinn, án árangurs, svo það hefur varla verið kröftugt.

Öll sumrin sem ég var í sveit þarna var fullt af öðrum krökkum, á ýmsum aldri, þannig að ekki var beint ástæða til að láta sér leiðast. Ég hef aldrei velt því fyrir mér af hverju hinir krakkarnir voru þarna en veit þó að þau komu bæði frá efnuðum og efnalitlum heimilum. Þar sem ég var í sveit höfðu um árabíl verið krakkar frá þéttbýlisstöðum á sumrin. Reyndar ekki bara frá þéttbýlisstöðum heldur einnig krakkar úr sömu sveit, en þá frá bæjum þar sem enginn búskapur var. Ekki veit ég til þess að þeir krakkar sem voru með mér í sveit hafi komið öðruvísi en í gegnum einhverskonar kunningsskap. Eftir því sem næst verður komist fóru börn í sveit í flestar eða allar sveitir landsins og þá trúlega í sveitir í námunda við heimabyggð sína.

Okkur krökkunum voru ætluð ýmis störf sem þó var breytilegt eftir aldri. Helstu störfin fyrir þau yngri voru að sækja og reka beljurnar, reka óprúttnar rollur úr túninu og þess háttar. Alltaf gafst einhver tími til leikja og var þá gjarnan leikið með leggi og önnur bein úr búsmala. Meðan á sauðburði stóð var meira að gera, svo og meðan heyskapur stóð yfir. Sauðburðurinn fannst mér mjög skemmtilegur tími og er það trúlega vegna þess að nokkur vor var mér treyst til þess að fara í fjárhúsin eldsnemma á morgnana til að skoða hvað hafi gerst um nóttina. Ég fór ásamt bóndanum og voru þetta miklar ánægjustundir fyrir okkur báða. Oft var einhver þriðji með, en þá alltaf einhver fullorðinn. Þessi störf mín veittu mér ákveðið frí frá öðrum störfum og fór það stundum í taugarnar á hinum krökkunum. Ekki var mikið um að krakkar væru látin vinna á dráttarvélum, en þó var nóg að gera fyrir alla meðan á sauðburði, heyskap og öðrum þekktum annatímum stóð.

Lítið var um klára verkaskiptingu milli stráka og stelpna og t.d. kom það í hlut okkar allra, til skiptis, að vaska upp og líka að sækja beljurnar og hjálpa til í fjósinu. Vinnudagurinn hófst fyrst hjá þeim sem áttu að sækja beljurnar en hin fengu að sofa örlítið lengur. Dagurinn leið svo við ýmis störf en alltaf var langt hádegishlé u.þ.b. tveir tímar. Eftir hádegið var haldið áfram við störf, tekið kaffihlé og unnið fram að kvöldmat.

Það sem við krakkarnir gerðum dagleg kallaði ekki á mikið líkamlegt erfiði, a.m.k. ekki meðan við vorum lítil en erfiðið jókst þó eftir því sem við urðum eldri. Aldrei leit ég á þetta sem þrælkun en öllum mátti ljóst vera að okkur var ætlað að vinna, við vorum ekki í fríi og litið var svo á að við værum matvinnungar. Eflaust hef ég einhvern tíma hugsað að það væri verið að þræla okkur út en fullyrði þó að sú vinna sem við unnum hafi ekki haft slæm áhrif á okkur.

Ekki voru mér greidd laun fyrr en síðustu tvö sumrin, minnir mig. Það voru ekki há laun en ég var sáttur við þau. Hvað ég notaði launin í man ég ekki, en hef þó trúlega keypt föt fyrir a.m.k. eitthvað af þeim. Á þeim árum sem ég var í sveitinni kom fyrir að ég ynni á veturna með skólanum en stundum var hægt að fá vinnu sem sendill eða við einhverskonar störf í búðum. Hvort kaupstaðarbörn ynnu meira eða minna en sveitabörn veit ég ekki og hef reyndar aldrei leitt hugann að því.

Þar sem ég var í sveit var vel fylgst með framförum í landbúnaði og reynt að hafa vélakost sem nýtiskulegastan. Þó var haldið í gamlar hefðir og var t.d. heyhrífa allnokkuð

notuð og þá mest af krökkum. Eins og fram hefur komið fengu þeir sem ekki sóttu beljurnar hverju sinni að sofa dálítið lengur og alltaf lengur en fullorðna fólkið. Þá vaknaði maður milli kl. níu og tíu, borðaði morgunmat og svo var farið til einhverra starfa. Algengt var að krakkarnir færu að sofa milli kl. tíu og ellefu á kvöldin en stundum fyrr ef liðið var þreytt. Frítími var þó nokkur og var honum varið í ýmsa leiki eða hvíld en veður hafði nokkuð um það að segja. Við lékum okkur í ýmsum leikjum en þó oftast í „búinu“ en þar lékum við okkur að leggjum, kjálkabeinum og öðru slíku.

Þetta leiksvæði var notað mikið, nær alltaf í hádegishléinu og stundum á kvöldin eða þegar við máttum leika okkur á daginn. „Búið“ var meira notað af yngri krökkunum en þau eldri slöppuðu frekar af ef færi gafst. Oft var leikið við hunda og ketti, en það var þó meira fyrir yngri krakkana. Mikið var farið í útreiðatúra. Í þá var einungis farið á kvöldin og um helgar og þá frekar á sunnudögum. Yngstu krakkarnir fengu lítið eða ekkert að fara á hestbak en þeir sem vildu af þeim eldri. Stundum var farið í heimsóknir á aðra bæi eða fólk af öðrum bæjum hitt í útreiðum.

Ekki voru haldin afmælisboð þó einhver ætti afmæli, en ívið meiri íburður í kaffimeðlæti var þegar einhver átti afmæli. Eins og algengt var til sveita var Tíminn keyptur og kom hann með mjólkurbílnum. Mikið var til af bókum og máttum við lesa þær að vild. Um var að ræða allavega bækur. Ekki voru mér sérstaklega kenndar vísur eða ljóð en oft var farið með slíkt og eitt og annað lærði maður, þó ekki sé það allt eftir hafandi.

Húsið á bænum var steinhús á tveimur hæðum ekki mjög gamalt. Á neðri hæð var forstofa, eldhús, stofa, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Á efri hæð voru fjögur svefnherbergi og fataherbergi. Algengt var að tveir til fjórir krakkar væru saman í herbergi en ekki saman í rúmi. Strákar og stelpur voru ekki saman í herbergi.

Morgunmatur var eftir að morgunmjöltum lauk. Í morgunmat var oftast hafragrautur eða skyrhræringur. Matartímar í hádegi voru nær alltaf langir þar sem fullorðna fólkið lagði sig gjarna eftir matinn. Á boðstólum var venjulegur matur eins og tíðkaðist á sveitaheimilum. Kaffitímar voru 30-45 mín. Og var kaffimeðlætið brauð og kökur. Oft fengum við mjólk og kökur á kvöldin, sérstaklega ef við fórum í útreiðatúr eða ef einhver störf kölluðu á að vinna eftir kvöldmat sem þó var afar sjaldgæft.

Klæðaburður minn í sveitinni var ekki mikið frábrugðinn því sem ég klæddist í Reykjavík nema skórnir. Í sveitinni notaði ég alltaf gúmmískó en það gerði ég aldrei í Reykjavík. Þetta þýddi það að ekki þurfti að fata mann upp fyrir sumarið, það var frekar gert á haustin eftir að sumardvölinni lauk. Á bænum var ekki rennandi heitt vatn en þó var alltaf heitt vatn til uppvasks og einnig til að þvo andlit og hendur. Þegar farið var í bað, sem var á svona tíu daga fresti, var hitað vatn til þess. Ekki man ég hve oft var skipt á rúmum. Ljóst má vera að mér þótti þetta ekkert sóðalegt. Salernisaðstaða var eins og best verður á kosið, nema hvað að Tíminn var nýttur sem salernispappír.

Í endurminningunni finnst mér dvöl mín í sveitinni hafa verið góð. Þó kom það fyrir að mér leiddist mikið og reyndi meira að segja að strjúka. Öllum sem þarna voru kom oftast vel saman þó fyrir kæmi að einhver leiðindi ættu sér stað. Samskipti voru mikil milli allra og var fólki tamt að vinna saman að þeim verkefnum sem þurfti að vinna. Eðlilega voru samskipti mín við bróður minn mikil meðan við vorum báðir þarna.

Tengsl mín við það fólk sem var þarna hafa verið mismikil en öll munum við eftir hverju öðru, mismikið þó. Tengsl mín við ábúendur urðu þó mikil og góð og kom ég oft í heimsókn lengi eftir að dvöl minni þar lauk. Flest eða öll sumarbörnin fengu sendingar að heiman og einnig heimsóknir. Foreldrar mínir komu stundum og dvöldu yfir helgi og foreldrar annarra barna gerðu það einnig.

Nokkuð algengt var á nágrennbæjum að krakkar kæmu þangað í sveit. Ekki var annað að sjá og heyra en að þeim líkaði dvölin vel og að þau væru ekki beitt harðræði af neinu tagi. Meðan á sveitardvöl minni stóð kom ég oft á aðra bæi í nágrenninu. Hitti ég þá gjarna sumardvalarbörn en heyrði aldrei af neinu slæmu varðandi dvöl þeirra. Eflaust gætu einhverjir litið svo á, að það sem ég og þeir sem með mér voru í sveit vorum látin gera, væri barnaprælkun. Ég lít ekki svo á enda gekk maður oftast þokkalega sáttur til verka. Sú staðreynd að langflestir sem þarna voru í sveit hafa mjög gjarna komið þangað í heimsóknir í áraraðir eftir að dvöl þeirra lauk og að flestir sem þar voru í sveit voru fleiri en eitt sumar, jafnvel allt upp í tíu finnst mér staðfesta það.

Hefði mínum börnum staðið til boða að fara í sveit og upplifa sama og ég hefði ég hiklaust leyft þeim það hefðu þau viljað.

6.3 Viðtal við Sif

Ég er fædd árið 1963 var í sveit eitt sumar. Það var árið 1975, sumarið sem ég varð 12 ára. Ég var hjá vandalausum á bæ í næstu sveit við heimili mitt. Það var ekki mjög langt að fara, ferðin tók 40-50 mínútur og ég man að mamma fór með mig á fjölskyldubílnum. Ég var frekar eftirvæntingarfull, fannst þetta spennandi. Mig minnir að ég hafi sjálf átt frumkvæði að þessari sveitadvöl, en það var ekki hlaupið að því að komast í sveit á þessum árum, ég komst í gegnum kunningsskap.

Ég dvaldi í sveitinni frá byrjun júní og fram í miðjan ágúst eða lok ágúst, ég man það ekki nákvæmlega, en ég fór heim fyrr en til stóð, því ég var ekki mjög ánægð með þessa dvöl. Svona eftir á að hyggja hefði ég frekar viljað vera heima. En það var talið hollt fyrir krakka að fara í sveit, fyrst og fremst til þess að þau hefðu eitthvað fyrir stafni. Ég ólst ekki upp í eiginlegu þéttbýli, heldur í litlum byggðarkjarna þar sem var skóli og flestir á staðnum unnu við skólann, þar á meðal foreldrar mínar. Pabbi var yfirleitt ekki heima á sumrin, hann fór oftast til sjós. Þarna var ekki margt í boði fyrir krakka á mínum aldri, það var t.d. engin unglíngavinna eða neitt viðlíka. Sumarið áður hafði ég verið í vist að passa börn eins og var algengt með stelpur á mínum aldri.

Ég held að sumarkrakkar á þessum árum hafi verið á aldrinum 10-16 ára, það hefur eflaust verið allur gangur á því hvernig á dvöl þeirra stóð. Þar sem ég var í sveit voru ekki börn sem voru send þangað af yfirvöldum, aukakrakkarnir höfðu einhver tengsl við fólkið á bænum, skyldleika eða kunningsskap. Á bænum var tvíbýli, ég var eini aukakrakkinn á þeim bæ, hjónin þar áttu sjálf nokkuð mörg börn. Í hinu húsinu voru, nokkur aukabörn, eitt þeirra var frænka mín sem er ári eldri en ég. Þar bjuggu eldri hjón, foreldrar bóndans sem ég var hjá.

Á þessum tíma var þessi siður að senda börn í sveit að líða undir lok. Ég er næsta viss að það tíðkast ekki lengur að senda börn í sveitadvöl til vandalausra sem þau þekkja hvorki haus né sporð á. Ef svo er það helst á vegum félagsmálayfirvalda. Það eru auðvitað til alls kyns sumarbúðir þar sem krakkar dvelja í stuttan tíma. Einhverjir krakkar dvelja hjá ömmu og afa eða öðru skyldfólki á sumrin. Hér áður fyrr var mjög algengt að ef börnum líkaði vel hafi þau verið sumar eftir sumar á sama bænum og ef þau skiptu um bæi var það örugglega oft vegna þess að þau voru eitthvað óánægð með dvölinu, eða bændurnir óánægð með þau.

Vinnuálagið hjá mér var mjög mikið. Ég fór í fjós kvölds og morgna. Ég vaskaði upp eftir allar máltíðir, það var morgunmatur, hádegismatur, síðdegiskaffi og kvöldmatur. Ég var yfirleitt ein í þessu uppvaski. Það var ekki uppþvottavél svo allt af þvegið og þurrkað í höndunum. Þetta var stórt heimili svo þetta var talsvert mikil vinna. Ég tók þátt í heyskap, þ.e. að hreinraka öll tún eftir vélarnar. Strákarnir fengu að vera á traktorum, en ekki við stelpurnar.

Vinnudagurinn var langur, ég fór í fjós kl. 7 og var að þangað til búið var að ganga frá eftir kvöldmat, um kl. 8 á kvöldin. Vinnudagurinn var alla jafna þrettán klukkutímar. Yfirleitt var ég svo þreytt að ég drakk ekki kvöldkaffi með fólkinu, ég var farin að sofa. Ég bjóst nú eiginlega við því að ég ætti meira frí en raunin var, þetta var talsvert mikil vinna fyrir 12 ára gamalt barn. Ég var yfirleitt í frí á sunnudögum, fékk þá að sofa lengur, nema ef heyskapur kallaði. Ég vann mun meira en frænka mín sem var á hinum bænum. Ég minnst þess ekki að krakkarnir sem áttu heima þarna ynnu svona mikið. Það voru nokkrir strákagopar og ein stelpa um tvítugt, en hún var mjög sjaldan heima, ég var yfirleitt eina stelpa á heimilinu. Svona eftir á að hyggja má alveg segja að mér hafi verið ofboðið með vinnuálagi. Sem dæmi má nefna að í fjósinu bar ég þungar mjólkurfötur og þurfti svo að hella úr þeim í mjólkurtankinn, þetta voru þungar járnfötur, sem tóku a.m.k. 25 lítra af mjólk. Ég var greinilega álitin matvinnungur og ekkert meira en það, því ég fékk ekki eina einustu krónu í laun fyrir sumarið.

Búskaparhættir voru eins og gerðist og gekk á þessum tíma. Það var slegið með vélum en túnin hreinrökuð eftir múgavélarnar, eins og áður segir. Mig minnir að heyið hafi verið sett á vagna, en ekki svona hefðbundna heyhleðsluvagna eins og víða voru til.

Þá sjaldan ég átti frí lékum við okkur saman ég og frænka mín. Við fórum ekki í neina sérstaka leiki. En ég fékk stundum frí til að fara á sundmót eða sundæfingar. Það voru mínar bestu stundir. Það var reyndar ekki vinsælt að ég væri að vesenast þetta. Mamma sótti mig og skilaði mér til baka, svo þau þurftu ekkert að hafa fyrir því að koma mér eitt né neitt. Ég átti afmæli á þeim tíma sem ég dvaldi þarna, það var ekkert gert úr því, ég hélt upp á afmælið mitt eftir að ég kom heim. Ég man ekki nákvæmlega hvaða blöð komu á bæinn, ætli það hafi ekki bara verið Bændablaðið og Tíminn. Ég lá ekki í neinum lestri, svo mikið er víst.

Aðbúnaður á bænum var svo sem ágætur. Þetta var stórt og rúmgott steinhús. Ég var ein í herbergi nema þegar dóttirin á bænum kom heim, þá sváfum við í sama herbergi. Ég minnst þess nú ekki að fleiri en einn hafi sofið í sama rúmi (nema hjónin). Matartímar voru hefðbundnir. Morgunmatur áður en farið var í fjós. Eftir fjós var litliskattur sem kallaður var, þá var yfirleitt boðið upp á skyr. Síðan var hádegismatur, miðdegiskaffi, kvöldmat og kvöldkaffi. Ég man að það drukku allir kaffi. Í minningunni var ósköp hefðbundinn heimilismatur í sveitinni, en ég man eftir því að kaffibaunirnar voru brenndar á heimilinu og þær síðan malaðar, svo var settur kaffibætir í uppáhellinguna til að drýgja kaffið. Mér fannst kaffið einstaklega gott og þarna lærði ég að drekka það, hafði aldrei drukkið kaffi áður. Það var einn sex ára á bænum sem drakk alltaf kaffi og dýfði sykursmolum í. Eins og áður sagði sá ég nánast alfarið um frágang eftir matinn. Það má geta þess að eitt af verkunum sem ég hafði á minni könnu var að þvo plastpokana sem skyrið kom í og hengja þá út á snúru til þerris.

Klæðnaður var afskaplega hefðbundinn, ég kom bara með föt sem ég átti. Við gengum í stígvélum og strigaskóm og notuðum hlífðarföt eftir þörfum. Svo voru notuð sérstök fjósaföt og skipt um föt fyrir og eftir fjósferðirnar. Það var að sjálfsgöðu rennandi vatn og rafmagn, venjulegt vatnssalerni og hefðbundinn salernispappír. Það var örugglega kynnt með olíu og vatnið hitað þannig, það var farið mjög sparlega með heita vatnið. Umgengi og þrif innanhúss hefur eflaust verið eins og gengur og gerist, mér ofbauð alla vega hvorki subbuskapur né hreinlætisbrjálæði. Við máttum reyndar bara fara í bað í baðkarinu einu sinni í viku, það þótti mér slæmt. Þess á milli þvoði ég mér í vaskinum. Ég man að það kom fitubrák í baðvatnið, sem mátti bara ná rétt upp fyrir nafla þegar setið var í baðkarinu, þetta fannst mér frekar ógeðslegt. Ég var alin upp á hverasvæði og fór yfirleitt alltaf einu sinni á dag í sund eða sturtu.

Mér leið ekkert illa fyrst þegar ég kom, en fann fljótlega fyrir heimþrá og líkaði dvölin ekki nógu vel, eins og áður hefur komið fram. Ástæðan var fyrst og fremst þetta mikla vinnuálag. Frúin á bænum var ekkert sérstaklega blíð í viðmóti. Hún var ofboðslega ströng og mér fannst hún gera miklar kröfur til mín. Það voru við líði alls konar reglur sem ég var ekki vön, t.d. var bannað að vera með tyggjó. Mér kom ekki illa saman við heimakrakkana, en hafði mest samskipti við frænku mína á hinum bænum þegar ég var ekki að vinna.

Fjölskyldan kom aldrei í heimsókn, en eins og áður sagði sótti mamma mig á æfingar og mót, en hún stoppaði aldrei neitt. Ég minnst þess nú ekki að hafa fengið senda pakka.

Ég var ekki beitt ofbeldi en ég man eftir að hafa verið skömmuð fyrir að biðja litla prinsinn á bænum að sækja beljurnar. Það þótti ekki vera í mínum verkahring að biðja hann um að gera eitthvað og ég man að ég var skömmuð hressilega fyrir það. Hann sótti oft beljurnar en frúnni þótti það allt of langt gengið að ég skildi biðja hann um þetta. Það er alveg óhætt að segja að hún hafi verið óttalegt skass.

Eins og ég hef sagt áður var tvíbýli á bænum. Í hinu húsinu bjuggu eldri hjón sem voru foreldrar bóndans sem ég var hjá. Þau voru alltaf miklu blíðari manninn. Ég hafði mest samskipti við frúna á mínum bæ, bóndinn var lítið að segja mér til. Hann var afskaplega rólegur og yfirvegaður, líkur foreldrum sínum. Ég veit ekki til þess að hann hafi gert athugasemdir við framkomu konu sinnar við mig, en ég en ég veit að húsmóðirin á hinum bænum gerði athugasemdir við hvað ég væri látin vinna mikið og taka mikla ábyrgð.

Reyndar var ég oft að hjálpa til í fjárhúsum þar sem við bjuggum, nágrennar okkar voru með búskap. Ég hafði mjög gaman af því. Ég var svo næstu sumur að hjálpa til við búskapinn hjá nágrönnunum, þá bjó ég bara heima, gat stundað mitt félagslíf og verið með vinum mínum. Það var fullt af krökkum á staðnum sem voru eiginlega í sveit auk krakkanna sem bjuggu þar. Þá var maður öruggur með sig og leið vel.

Ég myndi aldrei senda mín börn í sveit til vandalausra. En ef þau sæktust fast eftir því sjálf myndi ég alla vega kynna mér vel allar aðstæður, til hvers væri ætlast til af þeim og hvað þeim væri boðið upp á. Það eru aðrir tímar, en hins vegar veit ég um krakka sem fóru í sveit ár eftir ár og leið hvergi betur.

6.4 Viðtal við Evu

Ég er fædd 1962 og byrjaði að fara í sveit til ömmu og afa, ekki allt sumarið reyndar þannig að ég var eitthvað í sveit eins lengi og ég man eftir mér. En ég fór á annan bæ þegar ég var 13 og 14 ára til að vera allt sumarið, þá var ég hjá vandalausum. Ég fór strax eftir að skóla lauk, svona um miðjan maí og var fram í september. Mamma og pabbi keyrðu mig, ætli ferðin hafi ekki tekið 3-4 klukkutíma, gæti trúað því. Ég upplifði bæði eftirvæntingu og kvíða.

Fyrsti morguninn er mér mjög minnisstæður. Þegar ég vaknaði voru litlar pöddur út um allt, á borði við hliðina á rúminu mínu og á koddanum. Ég hálf flaug fram úr rúminu og hugsaði „á ég að öskra“. En svo hugsaði ég „nei, þú ert ein hérna á nýjum stað, þú getur ekki farið að öskra“. Svo ég bara drap pöddurnar og sá þær aldrei aftur og málið var dautt. Ég lærði þarna að maður hefur alltaf tvo kosti, þú getur vælt og veinað eða gert eitthvað í málunum, sem hefur reynst betur.

Dvölin var að frumkvæði foreldra minna, ætli ástæðan hafi ekki bara verið að hvíla mig á heimilislífinu og fá jafnvægi í lífið. Á þessum árum var ekki hlaupið að því að komast í sveit, mér er ekki kunnugt um að þeir krakkar sem voru á þessum bæ hafi átt við nein sérstök vandamál að stríða, heldur var þetta uppeldislegt, það þótti hollt fyrir börn að komast í sveit. Skyldleiki og kunningskapur skipti miklu máli. Ég átti vini sem vildu komast í sveit en fengu hvergi pláss. Bændurnir höfðu líka hag af því að taka krakkana, það mátti nota þá til að létta undir. Ég minnst þess alls ekki að það hafi verið talað niðrandi um kaupstaðarlífið og sveitalífið upphafið.

Það var alltaf eitthvað af aukakrökkum á heimilinu sem ég var á, bæði barnabörn hjónanna og svo óskyld eins og ég. Mig minnir að það hafi verið a.m.k. einn strákur samtíða mér sem var óskyldur þeim. Sumarkrakkarnir voru á aldur við mig og eldri og komu af höfuðborgarsvæðinu. Það hafði tíðkast alveg frá því þéttbýli fór að myndast að senda kaupstaðarkrakka í sveit, en á þessum árum var orðin minna um það, held ég. Á þessum bæ voru sömu börnin árum saman og yfirleitt allt sumarið.

Á þessum bæ var dálítið mikil kynjaskipting á störfum. Eftir matinn. gekk ég t.d frá en strákarnir fóru og lögðu sig. Strákarnir voru nær eingöngu í útistörfunum meðan ég vann inni og fór fjósið, en þeir minna. En ég fór líka stundum í útistörfin en þeir aldrei í innistörfin, það var alveg kvitt og klárt. Það var tvíbýli þarna og það var skipt á milli bæjanna að sækja kýrnar svo sumar vikur fór ég á fætur milli 5 og 6, því stundum voru þær komnar svo langt frá bænum. En aðrar vikur svaf ég lengur. Ég velti því satt best að segja aldrei fyrir mér hvort ég vann mikið eða ekki, maður var þarna og tók þátt í því sem þurfti að gera og mér fannst þetta eiginlega bara mjög skemmtilegt. Eflaust þætti þetta mikið vinnuálag nú til dags, en mér þótti það ekki þá. Það þurfti að vinna þessi verk og maður tók bara þátt í því. Sú hugsun var ekki komin í okkar að við ættum rétt á hinu eða þessu fríi eða mættum bara vinna einhvern tiltekinn tíma á dag eða viku.

Ég hef ekki hugmynd um hvort foreldrar mínir borguðu fyrir dvöl mína, en ég var greinilega álitin meira en matvinningur því það kom mér á óvart að ég fékk greiddar 25.000 kr. fyrir sumarið, ég hafði ekki reiknað með neinum launum. Svo var ég send heim með eitt og annað matarkyns, svo sem kartöflur. Ég man ekki betur en það hafi verið reynt að koma öllum kaupstaðarbörnum í einhverja vinnu á þessum árum. Það var mjög vinsælt að vinna í kirkjugörðunum, margar vinkonur mínar gerðu það. Ég held að það hafi ekki verið mikið framboð á vinnu í vinnuskóla í mínum bæ.

Búskaparhættir voru sambland af nútíma- og gamaldags búskaparháttum. Gamli bóndinn sló með orfi og ljá þar sem ekki var hægt að koma vélum að og við hreinrökuðum öll tún, hvort sem búið var að raka með vélum eða ekki, það var hvert einasta strá nýtt. Ég held nú reyndar að þetta hafi tíðkast víða á þessum tíma en ekki verið neitt einsdæmi á þessum bæ.

Við krakkarnir fengum nú yfirleitt ekki að sofa út. Fullorðna fólkið var alltaf komið á fætur þegar við komum niður, ég veit svei mér ekki hvenær þau fóru á ról. Ég hef ekki hugmynd um hvenær ég fór að sofa, en við vorum alltaf að gera eitthvað saman á kvöldin heimilisfólkið. Stundum kom fyrir að við vorum að vinna langt fram á kvöld, það fór eftir veðri og verkefnum. Við horfðum eitthvað á sjónvarp, á þessum tíma var auðvitað bara ein sjónvarpsstöð og ekkert sjónvarp á fimmtudögum og í júlí. Við spiluðum talsvert mikið og lékum okkur úti í boltaleikjum og fórum í útreiðatúra. Það var hugsað um að við krakkarnir fengjum líka að gera eitthvað skemmtilegt, en ekki bara að vinna.

Það komu dagblöð á heimilið, en ég hafði nú ekki neinn sérstakan áhuga á dagblaðalestri á þessum tíma. Það var fullt til af bókum á bænum og ég gat lesið eins og mig lysti og hafði tíma til. Ég las alltaf eitthvað áður en ég fór að sofa. Fólkið á bænum sagði okkur mikið af sögum, þau voru dálítið fullorðin. Bóndinn var með heilu kvæðabálkana á hreinu. Húsmóðirin sem mér fannst alveg dásamleg kona kenndi mér margt um náttúruna, kenndi mér að þekkja blóm og grös, ég var mjög mikið með henni.

Það var bresk kona sem kom á hverju sumri og eyddi sumarfríinu sínu þarna á bænum og tók þátt í vinnunni með okkur. Ég veit satt best að segja ekki hvernig það var tilkomið. Hún var mun eldri en ég, rúmlega þrítug, mér fannst hún eldgömul. Mér er minnstætt að hún kom með útlenskar karmamellur sem voru algjört lostæti.

Ég geri ráð fyrir að húsið hafi verið steinhús, alla vega var steypdur kjallari. Húsið var á þremur hæðum og var mjög snyrtilegt, ég sandskúraði t.d. stigann nokkrum sinnum. Ég var eina stelpa og var ein í herbergi meðan strákarnir voru margir saman, en ég þurfti að búa um þá, það var eitt af mínum verkum. Húsið hefur eflaust verið hitað með olíu, ég var svo sem ekkert að þæla í því. Það var þvegið á hálfsmánaðar fresti og þá var skipt á rúmum og farið í bað. Ég upplifði mína fyrstu femínísku stund í sveitinni. Ég ætlaði að fara í bað, var búin að láta renna í bað fyrir mig þá tilkynnti einn strákurinn að hann vildi fara í bað og húsmóðirin sagði mér að bíða og leyfa honum að fara á undan. Ég varð algjörlega brjáluð, ég man enn þann dag í dag hvað ég varð reið. Húsmóðirin tók mig afsíðis til að reyna að róa mig, en ég hélt langan fyrirlestur um hvað þetta væri ósanngjarnt. Ég man nú reyndar ekki hvort hann fór í baðið eða ég, en ég talaði alla vega ekki við hann í langan tíma. Ekki man ég hvort það var einhver regla á því hversu oft við máttum fara í bað, það skipti mig engu máli, mér fannst á þessum árum ekki skipta neinu sérstöku máli hvað ég fór oft í bað, en það breyttist með aldrinum. Við þvoðum okkur með þvottapoka áður en við fórum að sofa. Ég man ekki eftir neinu sérstöku í sambandi við klæðnað, nema við notuðum sérstök fjósaföt.

Ég hjálpaði ekki til við matargerð svona dags daglega, en gekk frá eftir matinn eins og áður sagði. En það var búíð til skyr og ég hjálpaði til við að skilja mjólkina. Á þessum bæ var mikil lax- og silungsveiði og mikið borðað af aflanum. Mér fannst þetta ekki spennandi matur og borða hann ekki enn þann dag í dag. Ég var þó ekki neydd til að borað fiskinn, fékk þá bara skyr eða eitthvað annað. En þegar ég var hjá ömmu og afa var ég látin borða allt sem var á boðstólum. Þeim þótti greinilega ástæða til að ala barnið almennilega upp. Matartímar voru hefðbundnir og í föstum skorðum. Það var morgunmatur, og litli skattur um kl. ellefu og hádegismatur kannski um eitt, miðdegiskaffi, kvöldmatur og kvöldkaffi. Þegar verið var í heyskap var matur tekinn með og borðað úti á túni.

Það var tekið vel á móti mér. Þegar pöddurnar fyrsta morguninn voru afgreiddar var bara um það að ræða að vera ánægð eða óánægð og ég tók ákvörðun um að vera ánægð. Ég fann einstaka sinnum fyrir heimþrá, sem varði ekki lengi. Mér líkaði dvölin mjög vel. Það var stelpa á hinum bænum seinna sumarið sem ég var og ég hef samskipti við hana enn þann dag í dag. En ég held ekki neinu sambandi við strákana, heilsa þeim bara á götu ef ég rekst á þá. Fjölskyldan kom í heimsókn einu sinni eða tvisvar og stoppaði bara

dagpart. Ég fékk stundum pakka, það var þá eitthvað sem mig vantaði og sælgæti sem maður skipti á milli, það var ekkert í boði á lúra neitt á því.

Við vorum ekki beitt refsingum og það má segja að versta refsingin hafi verið refsingarleysið ef maður gerði einverjar skammir af sér. Ég man sérstaklega þegar við gáfum einni beljunni í flórinn. Hún vildi aldrei snúa sér rétt svo við hentum fóðrinu hennar í flórinn. Húsmóðirin kom og ég stóð ein eftir, því hinir krakkarnir þustu inn í hlöðu. Ég var ekki skömmuð heldur fékk fyrirlestur, hægt og rólega, um hvernig á að koma fram við skepnurnar. Svona gerir maður ekki. Þetta var mun lærdómsríkara heldur en ef ég hefði verið húðskömmuð, sennilega hefði ég gleymt því fljótt en þetta situr í mér. Við krakkarnir stríddum hvert öðru, en ekkert sem talist getur andstyggilegt eða alvarlegt.

Mér fannst dvölin í sveitinni mjög lærdómsrík og hún var án efa holl fyrir mig og ég er þakklát fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessu. Ef syni mínum hefði staðið svona dvöl til boða hefði ég hiklaust sent hann. Ég held að krakkar nú til dags hefðu gott af sveitadvöl, mér finnst þau mörg eitthvað svo ósjálfbjarga og ósjálfstæð og kunna ekki að vinna. Við lærðum ákveðið vinnusiðgæði og eins að taka tillit til annarra, krakkar nú til dags hugsa oft mest um sjálf sig og sínar þarfir og langanir. Ég lenti á góðum stað og er þakklát fyrir þessa lífsreynslu, það er vafalaust fullt af krökkum sem hafa aðra sögu að segja.

6.5 Viðtal við Atla

Ég er fæddur 1965. Ekki man ég nákvæmlega hvenær ég fór fyrst í sveit. Ég fór fyrst viku og viku og jafnvel dag og dag. Ætli ég hafi ekki verið 7-8 ára þegar ég fór að gista nótt og nótt. Þetta var þar næsti bær við heimili mitt og því stutt að fara. Oft var ég um helgar og í öðrum lengri fríum frá skólanum, svo sem páskafríum. Ætli ég hafi ekki verið heilt sumar fyrst þegar ég var 10-11 ára og síðasta heila sumarið var þegar ég var á 15. ári.

Ástæðan fyrir að ég var í sveit á þessum bæ er sennilega sú að foreldrar mínir þekktu fólkið á bænum og ég sótti svo í að umgangast dýr að þetta æxlaðist sennilega bara svona, eflaust hefur líka þótt kostur að ég hefði eitthvað fyrir stafni. Þó svo við byggjum í sveit var enginn búskapur heima hjá mér. Við bjuggum á stað þar sem var héraðsskóli og foreldrar mínir unnu við hann og það var lítið við að vera fyrir okkur krakkana.

Þar sem ég var, var fullt af aukakrökkum. Sem dæmi má nefna eina stelpu frá Reykjavík sem var á sama tíma og ég. Hún fór fyrst að vera þarna sem ungbarn. Það vildi

Þannig til að dóttir hjónanna á bænum vann á vöggustofu í Reykjavík. Mamma stelpunnar var nýorðin ekkja og auk þess að eiga þessa dóttur var hún ófrísk af bróður hennar. Dóttir hjónanna tók hana með sér einhvern tíma og upp frá því kom hún sumar eftir sumar. Ekki nóg með það heldur kom bróðir hennar, þessi sem var í móðurkviði þegar pabbi þeirra dó, líka. Mamma þeirra giftist aftur og eignaðist son með nýja manninum sem líka kom í sveit á bæinn þegar fram liðu stundir. Þannig að það má segja að hjá systkinum sem urðu föðurlaus, hafi upphafið að dvöl þeirra verið af félagslegum ástæðum en þegar frá leið komu þau vegna þess að þau vildu vera þarna. Það þótti líka bara vera hluti af uppeldi barna á þessum tíma að kenna þeim að vinna.

Það var alltaf fullt af krökkum á þessum bæ. Sumarkrakkar voru held ég almennt 10-12 ára þegar þau fóru að vera heilu sumrin í sveit. Barnabörn hjónanna komu til lengri eða skemmri dvalar og þau voru mun yngri þegar þau byrjuðu að koma. Ég var stundum að passa yngstu börnin. Krakkarnir sem voru á þessum bæ komu víða að, m.a. átti eitthvað af barnabörnunum heima í Svíþjóð. Hvað það varðar að bændur hafi sóst eftir sumarbörunum er svarið að mínu viti já. Það var falast eftir mér við foreldra mína í a.m.k. tvö skipti eftir að ég var orðinn unglingur. Þeir bændur voru pottþétt að leita að ódýrum vinnukrafti. Ég var mjög feginn þegar ég fékk að vera áfram á sama stað því þarna kunni ég vel við mig.

Vinnuframlagið var ekki svo flókið, eiginlega tók maður bara þátt í öllu sem þurfti að gera. Vaknaði á morgnanna og sótti kýrnar, fór í fjós og tók þátt í því sem þurfti að gera þar. Tók þátt í matseld, uppvaski, þrifum og svo framvegis. Ég man ekki eftir neinum sérstökum stelpu- eða strákastörfum. Svo þegar kom að heyskap tókum við þátt í honum eftir getu. Þegar ég var 12 eða 13 ára var ég settur upp á traktor, ég gerði bara það sem þurfti að gera. Ég tók reyndar mikinn þátt í garðyrkjustörfum með húsmóðurinni. Hún átti mjög fallegan garð. Þessi vinna var ekki beint tengd búskapnum, þetta var áhugamál hjá henni og ég hjálpaði henni oft, því mér fannst það gaman. Hún kenndi mér að þekkja nöfn á ýmsum blómum bæði ræktuðum og villtum og m.a. muninn á ýmsum stráum.

Vinnudagurinn var oft langur. Eins og áður sagði var byrjað á að sækja beljurnar og fara í fjós. Önnur vinna fór eftir þörfum. Þegar heyskapur stóð yfir og veðrið var gott var unnið eins lengi og hægt var, þess vegna langt fram á nótt ef þurfti að bjarga heyi í hús. Oftast var ég búinn að vinna eftir seinni mjaltir. Ég spáði eiginlega aldrei í hvort ég ynni mikið eða lítið og það hvarflaði ekki að mér eina einustu sekúndu að mér væri á einhvern

hátt misboðið með vinnuálagi og mér finnst það ekki enn þann dag í dag. Þetta var eitthvað svo sjálfsagt mál, það unnu allir mikið, bæði börn og fullorðnir.

En viðhorf manna breyttust greinilega með tímanum. Hjónin sem ég var hjá eru bæði látin fyrir nokkrum árum. Ég man eftir því að í erfidrykkju annars þeirra sátu eitthvað af okkur gömlu sumarkrökkunum saman og spjölluðum um dvölinu. Þá sagði einn strákurinn, sem var u.þ.b. 10 árum yngri en ég og var að byrja að vera í sveit um það leyti sem ég var að hætta, frá því að hann hefði upplifað vinnuna í sveitinni sem barnaþrælkun. Ég er alveg sannfærður um að hann vann ekkert meira en við hin gerðum. Viðhorfin höfðu bara breyst svona, þessi strákur átti eldri systkini sem höfðu líka verið á þessum bæ samtíða mér og þau höfðu ekki þessa upplifun.

Á þessum tíma unnu flestir ef ekki allir krakkar eitthvað. Þau sem bjuggu í sveit unnu heima hjá sér, svo voru aðrir sem fóru að heiman, eins og ég. Mér er ekki kunnugt um hvort foreldrar mínir greiddu eitthvað fyrir dvölinu. Til að byrja með var ég matvinningur. Þegar ég varð eldri, var einhverju smávegis gaukað að mér, ég minnst þess ekki að það hafi verið samið um einhver sérstök laun. Einu sinni fékk ég lamb sem ég skýrði Doppulínu. Hún var mjög stýgg og þar að auki geld og eignaðist því ekki lömb. Því var henni slátrað og endandi sem skerpukjöt og hangikjöt. Ég fékk að velja mér aðra kind. Eitt sumarið fór ég í æfingabúðir í sundi til Danmerkur, var að æfa fyrir landsmót. Þá fékk ég einhverja peninga frá hjónunum á bænum.

Hvað búskaparhætti varðar má segja að þeir hafði að mörgu leyti verið gamaldags miðað við það sem gekk og gerðist á þessum tíma. Það voru auðvitað dráttarvélar og slegið með vélum en, en það var t.d. ekki byrjað að bagga, heyið var sett laust í hlöðuna. Það var slegið með orfi og ljá þar sem vélarnar komust ekki að og við krakkarnir hreinrökuðum öll tún. Ég var ekki mjög gamall þegar ég var settur upp á traktor. Á bænum var gamall Willys jeppi sem var notaður til að keyra á milli túna, t.d. að fara heim og sækja kaffi á heyskapartíma. Þennan bíl keyrði ég oft og það þótti ekki tiltökumál.

Það áttu allir krakkarnir að vakna og fara í fjósið og þannig var það oftast. Yngsti sonurinn á bænum, sem er ári eldri en ég, nennti stundum ekki á lappir, þetta var bara leti í honum, en ekki það að honum stæði það eitthvað frekar til boða en okkur aukakrökkunum. Það voru allir dagar vikunnar eins, það var enginn sérstakur frídagur. Auðvitað áttum við stundum frístundir. Ég man svo sem ekki eftir neinum sérstökum

leikjum sem við fórum í. Oft vorum við þó að leika okkur í hlíðinni fyrir ofan bæinn við að hlaða einhvers konar hús úr grjóti. Á bænum var einn hundur sem ég lék mér stundum við og í útihúsunum voru kettir sem mér þótti vænt um. Stundum fórum við í útreiðatúra. Bærinn sem ég var á var nýbýli út frá bæ þar sem var hestarækt og tamningar og við krakkarnir vorum oft fengin til að ríða út á hestum sem voru í tamningu til að liðka þá. Þetta var auðvitað viss skemmtun. Á bænum var slatti af bókum og þangað komu dagblöð, Tíminn ef ég man rétt. Ég las helling, man reyndar ekki hvað nákvæmlega. Við spiluðum mjög oft Yatzy.

Húsið var steinhús á tveimur hæðum og í góðu ásigkomulagi. Við vorum ýmist tveir eða þrír strákar saman í herbergi. Það þar ekki ótakmarkað heitt vatn eins og ég var vanur að heiman. Þetta var vissulega á hverasvæði en hitaveita náði ekki þangað og húsið var olúkynt. Við fórum í sund tvisvar til þrisvar í viku, það var stutt að fara. Það var baðkar sem ég fór ekki mjög oft í, sundferðirnar dugðu sem baðferðir líka. Í eldhúsinu var stór og djúpur vaskur og eftir fjósferðirnar þvoði maður sér um hendur og andlit þar. Þetta var mjög snyrtilegt heimili og ekkert út á það að setja.

Maturinn var ósköp venjulegur og vel útlátinn heimilismatur og matartímar eins og gekk og gerðist, morgunmatur, hádegismatur, síðdegiskaffi, kvöldmatur og kvöldkaffi. Ég hjálpaði til í eldhúsinu eftir þörfum, gekk frá eftir matinn o.s.frv.

Fötin voru bara venjuleg, það voru fjósaföt og skipt um eftir fjósið og farið í önnur föt, við voru ekki í fjósafötunum inni. Skófatnaðurinn var fyrst og fremst stígvél og gúmmískór, ef ég man rétt. Þó svo við færum úr fjósafötunum áður en við komum inn var samt alltaf vottur af fjósalykt af okkur og inni í húsinu, en það var bara eins og gekk og gerðist og ég held að engum hafi ofboðið það.

Ég man ekki eftir því að mér hafi nokkurn tíma liðið illa í sveitinni. Fólkið var yndislegt og það var vel hugsað um okkur. Viðhorfið til okkar var alltaf jákvætt. En það er ekki þar með sagt að öllum hafi líkað eins vel og mér. Við vorum t.d. þrjú þarna á sama aldri, ég og annar strákur og ein stelpa. Mér og stelpunni líkaði dvölin mun betur en hinum stráknum, enda vorum við þarna miklu fleiri sumur en hann. Ég hélt alltaf sambandi við hjónin meðan þau voru á lífi, heimsótti þau þegar tækifæri gafst. Meðan ég var í sveit á þessum bæ kom oft fólk í heimsókn sem hafði verið í sveit þar þegar það var yngra. Svona eftir á að hyggja var dvölin þarna mjög stór partur af uppeldi mínu. Ég man ekki eftir að við

höfum verið skömmuð eða beitt refsingum eða komið fram við okkur sumarkrakkana á annan hátt en heimakrakkana, það voru allir vinir.

Ég er alveg ótrúlega þakklátur fyrir að hafa fengið að upplifa þessa sveitadvöl. Ég lærði það m.a. að það er sjálfsagt að vinna, kannski má kalla það vinnusiðgæði. Mér finnst ég oft upplifa það að krakkar og unglíngar í dag eiga ofboðslega bággt ef þau þurfa að gera eitthvað, viðhorf þeirra til vinnu er allt annan en minnar kynslóðar, svona almennt séð. Það síðasta sem mér dytti í hug væri að kalla þetta barnþrælkun og er sannfærður um að þessi dvöl hafi bara gert mér gott, þótt stundum hafi ég verið að frá 7 á morgnanna og langt fram á kvöld. Ef ég ætti börn myndi ég ekki hika við að leyfa þeim að upplifa það sama og ég gerði, stæði það til boða.